



REYKHÓLAHREPPUR

Aðalskipulag 2006-2018



SKIPULAGSTILLAGA

4. desember 2008

REYKHÓLAHREPPUR

Aðalskipulag 2006-2018



LANDMÓTUN®

Gísli Gíslason
Óskar Örn Gunnarsson
Margrét Ólafsdóttir
Yngvi Þór Loftsson

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT	8
1.1	INNGANGUR	8
1.2	MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS	8
1.2.1	<i>Stefna sveitarstjórnar Reykhólahrepps</i>	9
1.3	FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR	9
1.4	SAMRÁÐ	10
1.4.1	<i>Samráð við íbúa og hagsmunaaðila</i>	11
1.4.2	<i>Samráð við stofnanir og fyrirtæki</i>	11
1.5	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU	12
1.6	KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR	12
1.6.1	<i>Uppdrættir</i>	13
1.6.2	<i>Landamerki</i>	14
1.7	SAMRÆMI VIÐ FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	14
1.8	UMHVERFISSKÝRSLA	15
1.8.1	<i>Tengsl aðalskipulags við Staðardagskrá 21</i>	15
1.8.2	<i>Tilgangur umhverfismats</i>	16
1.8.3	<i>Samráð og kynning</i>	17
1.8.4	<i>Aðferðir og framsetning umhverfismats</i>	17
1.8.5	<i>Umfjöllun um valkosti</i>	19
1.9	UMHVERFISMAT	20
1.9.1	<i>Markmið fyrir frístundabyggð</i>	20
1.9.2	<i>Markmið fyrir Landbúnaðarsvæði</i>	22
1.9.3	<i>Samgöngur</i>	26
1.9.4	<i>Tengsl við aðrar áætlanir</i>	33
1.9.5	<i>Heildarniðurstaða matsvinnunnar</i>	33
1.10	MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	34
1.10.1	<i>Matsskyldar framkvæmdir í Reykhólahreppi</i>	35
2	SKIPULAGSÁÆTLUN - LANDNOTKUN OG ÞRÓUN BYGGÐAR	37
2.1	LÝSING AÐALSKIPULAGS	37
2.2	MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS	37
2.3	LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI	38
2.3.1	<i>Meginmarkmið</i>	38
2.3.2	<i>Svæði fyrir þjónustustofnanir</i>	39
2.3.3	<i>Verslunar- og þjónustusvæði</i>	40
2.3.4	<i>Iðnaðarsvæði</i>	41
2.3.5	<i>Hafnarsvæði</i>	42
2.3.6	<i>Efnistökusvæði</i>	43
2.3.7	<i>Sorpförgunarsvæði</i>	46

2.3.8	<i>Svæði fyrir frístundabyggð</i>	47
2.3.9	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i>	49
2.3.10	<i>Óbyggð svæði</i>	49
2.3.11	<i>Landbúnaðarsvæði</i>	50
2.3.12	<i>Vötn, ár og sjór</i>	53
2.4	VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ	53
2.4.1	<i>Náttúruverndarsvæði</i>	53
2.4.2	<i>Þjóðminjaverndarsvæði</i>	57
2.4.3	<i>Verndarsvæði vegna neysluvatns</i>	61
2.4.4	<i>Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns</i>	63
2.4.5	<i>Hverfisverndarsvæði</i>	63
2.4.6	<i>Svæði undir náttúruvá</i>	65
2.5	SAMGÖNGUR OG VEITUR	67
2.5.1	<i>Vegir</i>	67
2.5.2	<i>Gönguleiðir</i>	69
2.5.3	<i>Reiðleiðir</i>	69
2.5.4	<i>Vatnsveita</i>	70
2.5.5	<i>Hitaveita</i>	70
2.5.6	<i>Fráveita</i>	70
2.5.7	<i>Rafveita</i>	71
2.5.8	<i>Fjarskipti</i>	72
3	ÞÉTTBÝLIÐ Á REYKHÓLUM OG FLATEY	73
3.1	INNANGUR	73
3.2	ÍBÚÐARSVÆÐI	73
3.3	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	75
3.4	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI	76
3.5	ATHAFNASVÆÐI	77
3.6	IÐNAÐARSVÆÐI	78
3.7	HAFNARSVÆÐI	79
3.8	SVÆÐI UNDIR FRÍSTUNDABYGGÐ	80
3.9	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	82
3.10	ÓBYGGÐ SVÆÐI	84
3.11	LANDBÚNAÐARSVÆÐI	84
3.12	ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI	85
3.13	HVERFISVERNDARSVÆÐI	85
3.14	SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ	86
3.15	SAMGÖNGUR	87
3.16	VEITUR	88
3.16.1	<i>Hitaveita</i>	88
3.16.2	<i>Fráveita</i>	88

	3.16.3	<i>Vatnsveita</i>	89
	3.16.4	<i>Rafveita</i>	89
4	HEIMILDIR		90
5	ÞEMAUPPDRAETTIR		92
6	VIÐAUKAR		96

REYKHÓLAHREPPUR Aðalskipulag 2006-2018

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 2008.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum þann 2009

Aðalskipulag Reykhólahrepps var staðfest af umhverfisráðherra þann 2009

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.

1 SAMANTEKT

1.1 INNGANGUR

Nú er í fyrsta skipti unnið aðalskipulag er nær til alls Reykhólahrepps. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 tekur til alls lands innan staðarmarka sveitarfélagsins, þ.e. til þéttbýlis á Reykhólum, Flatey og dreifbýlisins. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 1090 km².

Þessari greinargerð er skipt upp í þrjá meginkafla:

1. Samantekt: Þar er fjallað markmið, fyrirbyggjandi áætlanir, samráð og mat á umhverfisáhrifum.
2. Skipulagsáætlun, landnotkun og þróun byggðar. Hér er fjallað um sveitarfélagið í heild með nánari lýsingu á tillöguupprætti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á upprætti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð.
3. Landnotkun fyrir þéttbýlið á Reykhólum og Flatey þar sem henni er lýst eins og sveitarfélaginu í heild.

Forsendur aðalskipulagsins eru í fylgiskjali, í viðauka eru nánari útskýringar á viðmiðum og útskýringar á hugtökum.

1.2 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Reykhólahrepps miðast við að sjá fyrir nægu landrými fyrir mismunandi starfsemi næstu 12 ár þ.e. tímabilið 2006-2018.

Lögd er áhersla á eftirfarandi sérgreind markmið:

- Að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. að taka frá byggingaland fyrir vöxt þéttbýlis.
- Að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu framboði lóða undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi og með aukinni nýsköpun.
- Að efla atvinnuvegi í byggðalaginu.
- Að auka vægi opinberrar þjónustu.
- Að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda.
- Að standa vörð um landbúnað á svæðinu til að sveitir haldist í blómlegri byggð.
- Að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan þéttbýlis.

Leiðarljós

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

- Að stuðla að bættum samgöngum í byggðalaginu með gangnagerð og gerð heilsársvega.
- Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu.
- Að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gistimöguleikum.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar.

1.2.1 Stefna sveitarstjórnar Reykhólahrepps

Það er stefna sveitarstjórnar Reykhólahrepps að nauðsynlegt sé að skilgreina skýra atvinnumálastefnu fyrir svæðið í heild sinni til að fjölga íbúum og störfum í sveitarfélaginu. Bæta þarf ímynd svæðisins til þess að auðvelda framfylgni markmiða sem sett eru fram og ein af helstu forsendum fyrir eflum kjörum íbúa og betra starfsumhverfi eru bættar samgöngur í Reykhólahreppi.

1.3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Helstu skipulagáætlanir sem liggja fyrir og eru hluti af forsendum aðalskipulagsins eru þessar:

Helstu skipulagáætlanir sem liggja fyrir og eru hluti af forsendum aðalskipulagsins eru þessar:

- a. Svæðisskipulag Dalasýslu og A.-Barðastrandarsýslu 1992-2012, staðfest 4 janúar 1996.
- b. Aðalskipulag Flateyjar á Breiðafirði 1990-2002, staðfest af ráðherra 1992.
- c. Deiliskipulag frístundabyggðar í Flatey, samþykkt desember 1992
- d. Deiliskipulag fyrir Þorpið í Flatey samþykkt í maí 1993.
- e. Deiliskipulag íbúðabyggðar í Flatey samþykkt í janúar 1996

Auk þess liggur fyrir deiliskipulag fyrir fjölda jarða og jarðarparta í Reykhólahreppi, einkum fyrir frístunda-byggð.

Í janúar 2005 kom út á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins Vaxtarsamningur Vestfjarða 2005-2008, þar sem settar voru fram tillögur verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði.

Meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Sjávarútvegs- og matvælaklasi
- 2) Mennta- og rannsóknarklasi
- 3) Menningar- og ferðaþjónustuklasi

1.4 SAMRÁÐ

Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2. Helstu umsagnaraðilar eru eftirfarandi, athuga skal að listinn er ekki tæmandi.

Sveitarfélagið Vesturbyggð, Ísafjarðarbær Strandabyggð Dalabyggð Landeigendur Nefndir og stofnanir sveitarfélagsins Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Skipulagsstofnun Fornleifavernd ríkisins Siglingastofnun Íslands Vegagerðin Veðurstofa Íslands Skipulagsnefnd Kirkjugarða Ferðamálaráð Íslands Breiðafjarðarnefnd Umhverfisstofnun Skógrækt ríkisins
--	---



Mynd 1. Frá íbúafundi 27. júní 2007.

1.4.1 Samráð við íbúa og hagsmunaaðila

Kynning og samráð var með þeim hætti að samráð var haft við Skipulagsstofnun um gerð umhverfisskýrslu, efni og innihald umhverfisskýrslunnar en matslýsing var send til Skipulagsstofnunar í júní 2007 og svaraði Skipulagsstofnun í júlí 2007.. Kynning á undirbúningi fyrir vinnu á aðalskipulagi Reykhólahrepps var haldinn í september 2005. Kynning á fyrstu drögum að aðalskipulagi Reykhólahrepps var haldinn fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 27. mars 2006, opið hús var haldið 11. apríl. Vinnufundur með sveitarstjórn og skipulagsnefnd var haldin 26. mars 2007. Kynningarfundir fyrir Framfarafélag Flateyjar voru haldnir 24. nóvember 2005 og 28. nóvember 2007. Íbúafundur var haldinn 27. júní 2007 þar sem aðalskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu var kynnt fyrir íbúum. Önnur drög að tillögu ásamt umhverfisskýrslu voru kynnt á íbúafundi hinn 17. apríl 2008. Lögformlegum umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun var send aðalskipulagstillagan til umsagnar í desember 2007 og að hluta í apríl 2008.

1.4.2 Samráð við stofnanir og fyrirtæki

Haft var samráð við lögformlega og aðra umsagnaraðila sem tengjast eftirfarandi efnisflokkum:

- A. **Landbúnaðarsvæði.** Samráð við Landbúnaðarráðuneytið varðandi afmörkun og skilgreiningu landbúnaðarsvæða. Samráð við Landgræðsluna og Skjólsgóga á Vestfjörðum varðandi landgræðslu og skógrækt á landbúnaðarsvæðum. Skipulagstillagan var send Landbúnaðarráðuneytinu, Skjólsgógum og Skógrækt ríkisins til umsagnar í desember 2007. Umsögn Skjólsgóga var móttækin í janúar 2008 þar sem gerðar voru athugasemdir við einstök atriði í tillögunni sem fjalla um skógrækt. Umsögn Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis var móttækin í janúar 2008 og voru engar athugasemdir gerðar.
- B. **Vegir og reiðleiðir.** Samráð við Vegagerðinni á Vestfjörðum, varðandi vegamál á öllum stigum skipulagsvinnunnar, einkum hvað varðar nýlagnir vega. Skipulagstillagan var send Vegagerðarinnar til umsagnar í desember 2007. Svar við umsögn hefur ekki borist.
- C. **Náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja.** Leitað var til Umhverfisstofnunar varðandi afmörkun náttúruverndarsvæða og var tillagan send til umsagnar í desember 2007. Umsögn var móttækin í febrúar 2008. Athugasemdir beindust að skógræktarkafla og frístundarbyggðarkafla og að kafla um matsskyldar framkvæmdir í umhverfisskýrslu. Við skipulagstillöguna voru gerðar athugasemdir við einstök atriði í köflum um iðnaðarsvæði, efnistökusvæði, sorpförgun, frístundabyggð, skógrækt, verndarsvæði og samgöngur.
- D. **Vatnsból, vatnsvernd og verndarsvæði strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.** Samvinna var höfð við Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða varðandi öflun neysluvatns til framtíðar á svæðinu og afmörkun verndarsvæða vatnsbóla. Ennfremur um verndarsvæði vegna strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Skipulagstillagan var send Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða til umsagnar í desember 2007. Umsögn var móttækin í janúar 2008 og voru engar athugasemdir gerðar.

- E. Fornminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði vegna fornminja. Samráð við Fornleifavernd ríkisins varðandi efnistöð fornminjaverndarsvæða og hverfisverndarsvæða vegna fornminja en skipulagstillagan var send Fornleifavernd ríkisins til umsagnar í desember 2007. Umögn Fornleifaverndar barst í janúar 2008 og gerði stofnunin athugasemd um að aðalskráning fornleifa hafi ekki farið fram í sveitarfélaginu. Tillagan var send til Húsafriðunarnefndar í apríl 2008. Svar barst í apríl 2008.
- F. Efnistökusvæði. Leitað var til Vegagerðarinnar vegna upplýsinga um efnistökusvæði. Farið var ítarlega með þeim sem til þekkja í sveitarfélaginu um fjölda og staðsetningu efnistökusvæða. Skipulagstillagan var send Vegagerðinni og Umhverfisstofnun til umsagnar í desember 2007. Umsögn Umhverfisstofnunar barst í febrúar 2008.
- G. Veitur. Haft hefur verið samráð við Orkubú Vestfjarða vegna þar sem leitað var til þeirra vegna upplýsinga um legu stofnlínur innan sveitarfélagsins. Skipulagstillagan var send Orkubúi Vestfjarða til umsagnar í desember 2007.
- H. Samráð við nágrannasveitarfélög. Samráð við Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ, Strandabyggð og Dalabyggð varðandi landnotkun á mörkum sveitarfélaganna. Skipulagstillagan var send fyrrnefndum sveitarfélögum til umsagnar í desember 2007. Ísafjarðarbær svaraði í janúar 2008 og gerði engar athugasemdir. Önnur sveitarfélög hafa ekki sent inn athugasemdir.
- I. Hestamannafélög. Haft var náð samráð við Hestamannafélagið Kinnskæ um reiðleiðir á svæðinu.
- J. Breiðafjarðarnefnd. Samráð var haft við Breiðafjarðarnefnd vegna laga um vernd Breiðafjarðar og málefni sem snerta nefndina. Tillagan var send nefndinni í desember 2007. Breiðafjarðarnefnd svaraði með bréfi í mars 2008 og gerði athugasemdir í 18 liðum.

1.5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Athugasemdir bárust frá þremur og afgreiddi sveitarstjóri eftirfarandi umsagnir á fundi sínum 20. nóvember 2008

Þórður Arason, Hlíðarvegi 1, Kópavogi. 3. sept. 2008

1. Fornleifar (bls.59) Athugasemdir við texta:
Textinn er bein tilvitnun í þinglýsta skrá um friðlýstar fornleifar.
2. Um ofanflóðahættu (bls. 65). Leiðrétting vegna tilvitnunar í reglugerð.
Verður yfirfarið og lagfært.
3. Byggingarár Flateyjarkirkju (bls. 75). Byggingarár Flateyjarkirkju er 1926 en ekki 1927.
Verður leiðrétt.
4. Hafnarsvæði í Flatey (bls. 79). Athugasemdir við nýtingu við Teinæringsvog og ábendingar um bátalægi.
Um fjöllum um nýtingu við Teinæringsvog verður lagfært. Skilgreining á hafnarsvæðum í aðalskipulagi er sett þar sem er hafnaraðstaða og/eða byggingar eins og við Teinæringsvog. Almennu eru bátalægi ekki skilgreind sem hafnarsvæði.

5. Teinæringsvogur (bls. 80). Grýluvogur en ekki Teinæringsvogur á mynd.
Verður leiðrétt.
6. Samgöngur í Flatey (bls. 86). Full þörf er á að fjalla í aðalskipulaginu um samgöngumál í Flatey, bæði um ferjusiglingar og viðhald akvegarins í Flatey.
Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir stofn- og tengivegum og vegurinn í Flatey fellur ekki undir þá skilgreiningu. Umfjöllun um ferjusiglingar verður bætt inn í greinargerðina undir kaflanum um hafnarsvæði.
7. Vatnsveita í Flatey (bls.88). Vatnsveita í Flatey er einkarekin en ekki af sveitarstjórn.
Þessum upplýsingum verður komið fram í greinargerðinni.

Pálína S. Pálsdóttir, Jörundarholti 124, Akranesi. 30.september 2008

Mótmælir að landamerkjagrunnur frá Rala verði lagður til grundvallar landamerkja.

Landamerki sem voru unnin af RALA eru sýnd á skipulagsuppdrætti til skýringar og eru á engan hátt bindandi né hafa lagalega þýðingu.

Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, Þoragötu 9, Reykjavík.

Leiðrétting við kafla 2.5 í forsenduhefti aðalskipulagsins varðandi friðun Klausturhóla.

Textinn verður leiðréttur í forsenduheftinu en í greinargerðinni sem er til staðfestingar var rétt farið með dagsetninguna á friðuninni.

1.6 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Sveitarfélagsuppdráttur og skýringar- og eða þemauppdrættir eru unnin á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mkv. 1:50.000. Þéttbýlisuppdráttur fyrir Reykhóla og Flatey eru unninn á stafrænan kortagrunn frá Loftmyndum ehf.

1.6.1 Uppdrættir

Auk skipulagsuppdráttar er skipulagáætlunin sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Séruppdrættir eru þessir:

Nr. 1. Sveitarfélagsuppdráttur af Reykhólahreppi, mkv. 1:100.000.

Nr. 2. Þéttbýlisuppdráttur af Reykhólum, mkv. 10.000 (felldur inn á sveitarfélagsuppdrátt).

Nr. 3. Þéttbýlisuppdráttur af Flatey, mkv. 1:10.000 (felldur inn á sveitarfélagsuppdrátt).

Þemauppdrættir

Eftirfarandi þemauppdrættir í mkv.1:200.000, sem eru hugsaðir til skýringar, eru felldir inn í greinargerð.

I. Námur.

II. Landbúnaður og skógrækt.

III. Náttúruminjar.

IV. Samgöngur

Skipulagsupprættir gilda ef ósamræmi er milli þemauppráttanna og skipulagsuppráttanna.

1.6.2 Landamerki

Fyrir liggja upplýsingar um landamerki einstakra jarða í Reykhólahreppi og eru þau sýnd á skipulagsupprætti til skýringar. Landamerki voru unnin af RALA.

1.7 SAMRÆMI VIÐ FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR

Svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012

Aðalskipulag Reykhólahrepps tekur mið af og byggir á grunni þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012 en leiðir eftir sem áður til nokkurra breytinga á stefnumörkun svæðisskipulagsins varðandi landnotkun innan Reykhólahrepps, þar á meðal vegna breytinga á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð 400/1998.. Aðalskipulagið er unnið í stærri mælikvarða 1:100.000 en svæðisskipulagið sem var í 1: 100.000 en tekur í meginatriðum á sömu málaflokkum og svæðisskipulagið. Stefnumörkunin er í mörgum tilvikum ítarlegri en í svæðisskipulaginu. Helstu frávik frá Svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu eru breytingar á vatnsverndarsvæði en þau breytast í samræmi við nákvæmari mælikvarða. Töluverðar breytingar verða á frístundabyggð, einkum til fjölgunar. Landnotkunarflokkurinn *önnur svæði* er ekki notaður í dag. Landnotkunarflokkurinn *almenn útivistarsvæði* er ekki notaður í dag. Einhver þessara svæða hafa verið felld undir hverfisvernd. Gerðar eru breytingar á samgöngum.

Þegar fyrir liggur aðalskipulag fyrir Reykhólahrepp og Dalabyggð er fyrirhugað að fella úr gildi Svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.

Aðalskipulag Flateyjar 1990-2010

Í gildi er staðfest aðalskipulag; Flatey á Breiðafirði, aðalskipulag 1990-2010.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á landnotkunarupprættinum.

1. Landnotkunarflokkar aðlagðir nýjum skipulagslögum og –reglugerð.
2. Opin svæði til sérstakra nota sem var skilgreint meðfram fjörunni, í Hafnarey, við Snorrabrunnsmýri er skilgreint sem opið óbyggt svæði.
3. Hverfisvernd skilgreind fyrir Þorpið, aðliggjandi mýrar og strönd og svæðið umhverfis kirkjuna.
4. Frístundabyggðarsvæði við Þorpið er stækkað lítillega til suðurs þannig að þegar byggð lóð verði innan svæðisins.
5. Frístundabyggð við Innri Tröllenda minnkað.
6. Íbúðabyggð við Byggðarenda er breytt í landbúnaðarsvæði. Samkvæmt skilgreiningu á landbúnaðarsvæðum þá má byggja þrjú íbúðarhús á landbúnaðarsvæðum auk þess íbúðarhús sem tilheyrir búrekstrinum.

7. Tvö svæði fyrir þjónustustofnun við kirkjuna og Bókhöðuna er sameinuð og svæðið stækkað að kirkjugarðinum.
8. Verslunar- og þjónustusvæði skilgreint þar sem er hótél og veitingahús.
9. Blönduð landnotkun fyrir iðnað, verslun og þjónustu er breytt í athafnasvæði.
10. Fleiri gönguleiðir eru skilgreindar.
11. Friðland í vestureyjgunni sem er friðlýst skv. náttúruverndarlögum er afmarkað.
12. Afmörkun Breiðafjarðar verndaður með lögum 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

1.8 UMHVERFISSKÝRSLA

1.8.1 Tengsl aðalskipulags við Staðardagskrá 21

Með Ríó-yfirlýsingunni frá 1992, sem Ísland er aðili að, voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur er varða samskipti manns og umhverfis, er stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Sjálfbær þróun er sú þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða. Í Ríó-yfirlýsingunni voru settar fram fjórar meginreglur sem styrkja ættu stöðir sjálfbærrar þróunar, réttindayfirlýsingar, varúðarreglan, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Með yfirlýsingunni voru þær skyldur lagðar á herðar ríkisstjórna að vinna að eigin framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) í umhverfismálum sem skylda síðan sveitarstjórnir að vinna að staðbundinni framkvæmdaáætlun sem nefnd er Staðardagskrá 21.

Í Dagskrá 21 eru nefndar 5 megináherslur sem skulu vera ráðandi við stefnumörkun og ákvarðanatöku um þróun byggðar og samfélags sem stuðli að sjálfbærri þróun. Í aðalskipulagsgerð er hægt að styðjast við þessar áherslur.¹

- Heildarsýn og þverfagleg nálgun.
- Virk þátttaka íbúa.
- Vistkerfisnálgun.
- Hnatræn sýn.
- Langtímasýn.

Reykólahreppur er aðili að Staðardagskrá 21. Viðfangsefni og ferli aðalskipulags og Staðardagskrár geta oft skarast þegar unnið er að skilgreiningu viðfangsefna og vandamála og setningu markmiða. Í framfylgd stefnunnar með framkvæmdaáætlunum skiljast leiðir, því ekki er gert ráð fyrir að nákvæm framkvæmdaáætlun sé hluti af aðalskipulagi. Staðardagskrá nýtist síðan sem liður í því að framfylgja stefnu aðalskipulags.²

¹ Skipulagsstofnun, 2003, Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

² Sama

Ríó-yfirlýsingin segir til um að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Hver einstaklingur á rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðið á sviði umhverfismála sem og ákvarðanatöku er varða nánasta umhverfi hans.. Réttur til þróunar skal vera með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða.

Varúðarreglan kveður á um að ekki skuli ráðast í framkvæmd sem kann að hafa alvarleg áhrif á umhverfið nema að sýnt sé fram á að hún hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan kveður á að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur á þeim skaða sem þeir valda.

Nytjagreiðslureglan kveður á um að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir til ágóða og ánægju greiði kostnað sem til fellur við stjórn, viðhald og verndun auðlindanna.

1.8.2 Tilgangur umhverfismats

Megintilgangur umhverfisskýrslu aðalskipulags er að framfylgja lögum um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana 105/2006 og skipulags- og byggingarlög 73/1997 en samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skal leggja mat á umhverfisáhrif einstakra markmiða og ráðgerðra framkvæmda í skipulagsáætlunum. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags og einstakra stefnumiða aðalskipulags, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Tilgangur umhverfismats er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum áhrifum áætlunarinnar á umhverfið og stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við tillögugerðina.

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horfa skal á hvaða stefnumið það eru sem vert þykir að meta m.t.t. til umhverfisáhrifa en þá eru þau atriði tekin sem talin hafa mest áhrif á umhverfið eða önnur stefnumið þar sem óbein áhrif eða samlegðaráhrif með öðrum stefnumiðum geta haft veruleg áhrif á umhverfið.

Ákveða þarf hvaða umhverfispættir eru notaðir og var leiðbeiningarskjal Skipulagsstofnunar (Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana heildardrög 2) haft til hliðsjónar um val á umhverfispáttum sem og hvaða viðmið voru lögð til grundvallar á umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

Þegar lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunnar getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, leiði umhverfismatið í ljós óæskileg umhverfisáhrif tiltekinna stefnumiða.

1.8.3 Samráð og kynning

Sjá kafla 1.4.

1.8.4 Aðferðir og framsetning umhverfismats

Umfang umhverfismats

Í umhverfisskýrslu vegna breytinga á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 voru metin áhrif nokkurra markmiða. Einstök markmið voru valin með tilliti til þess hvar gert er ráð fyrir mestum vexti í sveitarfélaginu og þar með hvar búast má við mestum áhrifum á umhverfið. Markmiðin eru eftirfarandi:

1. Markmið fyrir svæði fyrir frístundabyggð.
2. Markmið fyrir landbúnaðarsvæði.

Einnig er rakinn úrskurður Skipulagsstofnunar sem og umhverfisráðherra um umhverfisáhrif veglangir á Vestfjarðavegi frá Bjarkarlundi að Eyri annarsvegar og Eyri að Vattarnesi hins vegar. Ekki er farið í eiginlegt mat í þessu tilviki þar sem ítarlegt mat hefur þegar farið fram og framkvæmdir þegar hafnar á veginum á frá Eyri að Vattarnesi. Einnig hefur sveitarstjórn hefur ákveðið að fara þá leið sem kemur fram í úrskurði ráðherra um Vestfjarðaveg að Vattarnesi.

Umhverfispættir

Með hugtakinu umhverfispáttur er átt við tiltekna þætti, s.s. gróðurfar eða landslag, sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagstillögu og taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulaginu. Í upphafi umhverfismats þarf að ákveða hvaða umhverfispættir verða lagðir til grundvallar við umhverfismat aðalskipulagstillögu hverju sinni, að teknu tilliti til viðfangsefna aðalskipulags og aðstæðna í sveitarfélaginu. Í umhverfismati er, auk áhrifa á náttúrufar, einnig litið til áhrifa á samfélag og efnahag.

Hér að neðan eru taldir upp þeir sem taldir eru að helst verði fyrir áhrifum vegna gerð aðalskipulagsins..

- Hagrænir og félagslegir þættir
- Náttúrfarslegir
- Heilsa og öryggi
- Náttúru- og menningaminjar

Umhverfisviðmið

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við þá mælikvarða sem umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins eru borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefnumið sé talið hafa æskileg eða óæskileg áhrif, veruleg eða óveruleg. Í upphafi umhverfismats þarf að taka saman hvar fyrir liggur

stefna stjórnvalda um viðkomandi málaflokka sem leggja ber til grundvallar umhverfismatinu sem umhverfisviðmið.

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem höfð eru til hliðsjónar við gerð umhverfismats aðalskipulagsins. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér. Í viðauka er að finna nánari útskýringar á einstökum viðmiðum horft var til við gerð matsins.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat skipulagsáætla nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með seinni breytingum. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með seinni breytingum. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með seinni breytingum. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 með seinni breytingum. Lög um vernd Breiðafjarðar 54/1995
Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 Reglugerð um hávaða nr. 933/1999. Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
Önnur stjórnvalda stefnuskjöl	Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
Annað	Staðardagskrá fyrir Reykhólahrepp, mars 2006. Greining á áhrifum með gátlistum og rýni ýmissa skipulagsgagna. Leiðbeiningar skipulagsstofnunar um umhverfismat áætla og flokkun umhverfispáttá.

Tafla 1 Umhverfisviðmið sem höfð voru til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa var notast við þau hugtök og skilgreiningar í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið var notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Hvernig hefur verið unnið að umhverfismati aðalskipulagsins

Umhverfismatið hefur verið unnið af Landmótun í samráði við sveitarfélagið. Stuðst var við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um gerð aðalskipulags. Einkenni og vægi umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Flokkun umhverfisþátta, drög 30/6 2005, Viðmið umhverfisáhrifa, drög 30/6 2005, Dæmi um framsetningu í matskýrslu, drög 30/6 2005, Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana-apríl 2007.

Framsetning umhverfismats aðalskipulags Reykhólahrepps

Við mat á áhrifum stefnumiða eru notaðar eftirfarandi vægi umhverfisáhrifa:

++	Stefna aðalskipulags hefur veruleg jákvæð áhrif
+	Stefna aðalskipulags hefur talsverð jákvæð áhrif
0	Stefna aðalskipulags hefur óveruleg áhrif
-	Stefna aðalskipulags hefur talsverð neikvæð áhrif
--	Stefna aðalskipulags hefur veruleg neikvæð áhrif
?	Stefna aðalskipulags hefur óviss áhrif

Umhverfisáhrifin voru metin út frá áliti sérfræðinga, sveitarfélagsins og íbúa. Við umhverfismatið var beitt bæði huglægum og mælanlegum aðferðum. Huglægar aðferðir verða t.d. notaðar til að vega áhrif á landslag og ásýnd en þau áhrif er erfitt að mæla og mat á þeim tekur einnig mið af smekk og upplifun hvers og eins. Mælanlegar aðferðir eru m.a. notaðar við að meta hávaða frá t.a.m. nýjum vegum. Þegar á heildina er litið munu huglægar aðferðir að líkindum hafa meira að segja við matið en þær verða studdar með mælanlegum niðurstöðum ef fyrir liggja upplýsingar um efnið.

1.8.5 Umfjöllun um valkosti

Þeir kostir sem teknir verða til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er núllkostur en það felur í sér að áðurtöldum markmiðum verði ekki framfylgt. Fyrir svæði fyrir frístundabyggð eru bornir saman kostirnir stór og lítil svæði fyrir frístundabyggð sem og núllkostur.og skógrækt er það núllkostur sem tekin er til samanburðar enda er um heildstæða úttekt að ræða en ekki áhrif einstakra svæða.

1.9 UMHVERFISMAT

1.9.1 Markmið fyrir frístundabyggð

Fyrir frístundabyggð eru eftirfarandi markmið sett fram í aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018:

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný frístundabyggðasvæði eru deiliskipulagsskyld og stærð og þéttleiki nýrra svæða skal kveðið á um í deiliskipulagi. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi.

Í Reykhólahreppi er gert ráð fyrir 12 svæðum fyrir frístundabyggð og hafa flest þeirra hlotið deiliskipulagslega meðferð. Þessi svæði eru mismunandi að stærð og verður ekki greint frá umhverfisáhrifum hvers og eins svæðis heldur hver áhrifin eru í heild sinni af frístundabyggðum.

Frístundabyggð (sjá kafla 2.3.8)	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, íbúabróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Fríðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn markmið	++	-	0	0

Nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir. Svæðin taka oft frekari breytingum vegna aukinnar ræktunar trjáplantna. Lítil áhrif verða á vatnafar enda almennt gerðar strangar kröfur varðandi frágang rotþróa. Nokkur áhrif verða á gróður vegna aukinnar ræktunar trjáplantna sem og uppbyggingu mannvirka á frístundabyggðasvæðum t.a.m. hús og vegir. og eru nokkur svæðanna staðsett innan um birkikjarr. Lítil áhrif á loft- og hljóðmengun fyrir utan aukna umferð um svæðið og þá sér í lagi á álagstímum. Mörg svæðanna eru á landbúnaðarsvæðum sem skerðast því nokkuð, en þó ekki tún eða land sem þykir ákjósanlegt til landbúnaðarnota þar sem tillagan gerir ráð fyrir því að gott landbúnaðarland verði ekki tekið undir frístundabyggð. Tillagan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag enda styður það við byggingarstarfsemi og ýmsar greinar atvinnulífs á svæðinu sem og að ferðamannastraumur eykst. Áhrifin eru nokkur á samgöngur og öryggismál þar sem umferð eykst með fjölgun frístundabyggða í sveitarfélaginu. Lítil áhrif verða á náttúru- og menningaminjar enda verði þess gætt að ekki verði spornað

við minjum sem geta fundist á fyrirhuguðum svæðum fyrir frístundabyggð. Við deiliskipulagsgerð einstakra svæða skal einnig fara fram deiliskráning fornminja og skrásetning náttúruminja á svæðinu.

Tillögur að mótvægisaðgerðum / vöktun

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Þess verði gætt að uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og birkiskógar sem og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. náttúrverndarlaga verði ekki skert við uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð. Einnig verði þess gætt við hönnun mannvirkja og að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu. Gætt verður þess að gott landbúnaðarland fari ekki undir frístundabyggð.

Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir				
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar	
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, líbúáþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>	
Minni svæði tekin undir frístundabyggð (<50 ha)	+	0	0	0	?
Stærri svæði tekin undir frístundabyggð (>200ha)	+	-	0	0	?
Núllkostur	-	+	+	+	+

Niðurstaða samanburðar


Oft eru það sjónarmið um að auka verðgildi jarðarinnar þegar tekin eru frá stór svæði fyrir frístundabyggð. Yfirleitt eru stærri svæði hagkvæmari í rekstri þar sem samtenging við veitur og aðra þjónustu er arðbærari heldur en á minni svæðum og þar af leiðandi er þjónustustig hærra. Meiri hætta er á því að gott landbúnaðarland verði tekið úr notkun. Tengsl við náttúruna verða minni og meiri röskun verður á gróðurfari og dýralífi. Ásýnd af stærri svæðum er mun meiri í landslaginu. Minni svæði eru óhagkvæmari í rekstri þar sem dýrara er að tengjast veitum og þjónustustig verður minna. Tengsl við náttúruna er meiri og ásýnd minni í landslaginu og minna rask á gróðri og dýralífi. Áhrif núllkosta eru í flestum tilfellum jákvæð nema á hagræna þætti umhverfisins þar sem sveitarfélagið, landeigendur eða önnur þjónusta

verður af tekjum sem fylgja auknum ferðamannastraumi. Markmið um frístundabyggð styður í flestum tilfellum þau viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu fyrir utan þá náttúrfarslega þætti þegar stærri svæði eru tekin undir og hagræna og félagslega þætti í núllkosti. Áhrifin eru langvinn á umhverfið þar sem það oft á tíðum getur tekið miklum breytingum með gróðursetningu og mannvirkjagerð.

Niðurstaða mats

Niðurstaða matsins er að stefnumið fyrir frístundabyggð á eftir að hafa talsvert jákvæð áhrif í sveitarfélaginu svo fremur að reynt verði að halda sjónrænum áhrifum bygginga og aukinnar trjáræktar í lágmarki og að framkvæmdir við veitur og vegi verði í sem mestri sátt við umhverfið. Að gætt verði að því að við framkvæmdir á frístunabyggðasvæðum stuðli eins og kostur er að verndun birkiskóga og að ekki verðir gengið á mikilvæg gróðursvæði, og vistkerfi og jarðmyndanir skv. 37 gr. náttúrverndarlaga haldist ósnortin.

Frekar ber að stuðla að því að minna land verði tekið undir frístundabyggð heldur en stór.



1.9.2 Markmið fyrir Landbúnaðarsvæði

Í markmiðum fyrir landbúnaðarsvæði eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunar-
möguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar
stoðgreina hans. Þannig verði stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í
hefðbundnum og nýjum búgreinum.
- Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta.
Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.

Umhverfisáhrif verða metin af lið e í áðurtöldum markmiðum. Hefðbundinn landbúnaður er á undanhaldi í Reykhólahreppi en skógrækt er alltaf að aukast og af þeim sökum verður greint frá umhverfisáhrifum skógræktar í umhverfisskýrslunni. Það sama gildir hér eins og fyrir frístundabyggðina að ekki verður greint frá umhverfisáhrifum hvers og eins svæðis heldur í hver áhrifin eru í heild sinni af skógrækt. Alls eru 8 svæði samningsbundin Skjólaskógaverkefninu. Alls eru samningsbundin svæði 331 ha að stærð. Hið stærsta er 100 ha en minnsta svæðið 13 ha.

Skógrækt (sjá kafla 2.3.10)	Umhverfispættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	<i>Efnahagur og atvinnulíf, íbúðapróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.</i>	<i>Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.</i>	<i>Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.</i>	<i>Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar</i>
Almenn markmið	+	0	0	0

Áhrif vegna skógræktar á hagræna og félagslega þætti umhverfisins eru talin vera talsvert jákvæð. Skógrækt eflir atvinnumöguleika, einkum þegar til litið er til langrar framtíðar. Aðstaða til útivistar verður fjölbreyttari þar sem skógar eru gerðir opnir til útivistar. Aukin efnahagslegur ávinningur getur hlotist vegna aukinnar ferðaþjónustu.

Áhrif á náttúrufarslega þætti eru í heildina séð talin vera talsvert jákvæð enda verði þess gætt að skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúruminum. Í upphafi umsóknarferils við landshlutabundin skógræktarverkefni þá ber viðeigandi yfirstofnun skógræktarverkefnis ábyrgð á því að land sé metið m.t.t. til náttúrufars og menningarminja. Skógræktaráætlun er gerð fyrir hverja jörð áður en framkvæmdir hefjast. Út frá gróðurfari og öðrum umhverfispáttum er gerð tillaga að vali trjátegunda í skógræktarsvæðið. Áhersla er lögð á að skógurinn falli vel að landslagi, sé fjölbreyttur og aðlaðandi. Náttúruminjar, söguminjar og athyglisverðir staðir eru ekki klæddir skógi og gætt er að mörgum fleiri þáttum, svo sem fuglalífi, gróðurfari, berjalöndum og útsýni. Því eru neikvæð áhrif talin vera óveruleg.

Helstu áhrif skógræktar á einstaka umhverfispætti eru eftirfarandi:

Áhrif á vatnafar eru talin vera óveruleg enda ekki gert ráð fyrir því að skógur verði ræktaður á mýrum. Getur haft staðbundin áhrif á snjóalög og geta því haft áhrif á vatnabúskap. Meiri snjór safnast á hæðum en minni snjór í lægðum samanborið við skóglaut land. Á hæðum verður rakastig í jarðvegi því hærra lengra fram á sumar sem bætir skilyrði fyrir allt líf. Fannir sem safnast í lægðum og hlémeigin í brekkum verða minni, bráðna fyrr og þar með lengist sumarið fyrir lífverur þar.

Mikil áhrif verða á gróður, einkum á svæðum þar sem gróðurþekja er lítil. Talsvert neikvæð áhrif geta verið á botngróður en með blöndun tegunda má draga úr þeim áhrifum. Tegundasamsetning gróðurs í skógarreitum mun breytast, en hafa ber í huga að breytingin er úr einu manngerðu gróðurlendi í annað. Verið er að skipta út áhrifum búfjárbæitar fyrir áhrif skógar. Lágvöxnum, ljóselskum plöntutegundum fækkar en skuggþolnar tegundir eru hins vegar líklegar til að nema land með tímanum.

Skógrækt getur haft staðbundin áhrif á fuglalíf þar sem yfirleitt er verið að taka gras- eða mólendi undir skógrækt. Áhrifin geta því verið talsvert neikvæð fyrir mófugla eins og spóa en talsvert jákvæð fyrir skógfugla eins og skógarpresti eða músarindil. Á landsvísu eru áhrif talin vera óveruleg vegna takmarkaðs umfangs skógræktar.

Skógrækt hefur áhrif á vindafar, sérstaklega vindsveipi, skógurinn skapar skjól og breytir næviðri. Aukin skógrækt getur dregið úr loftmengun. Vaxandi skógur bindur koltvísýring (CO_2) úr andrúmsloftinu til langs tíma í formi viðar og kolefnissambanda í jarðvegi. T.a.m. má gera ráð fyrir að árleg binding vegna Norðurlandsskóga verði komin í um 200.000 tonn CO_2 eftir 40 ár, en það samsvarar tæpum 9% af öllu útstreymi CO_2 á Íslandi 1995.



Skógrækt hefur áhrif á landslag. Með meiri skógrækt eykst hlutfall skógarlandslags og skörp skil geta myndast á jöðrum skógræktar og lands utan skógræktar. vegna hæðar, áferðar og litar skógarins. Skógur getur dregið fyrir útsýni að einstökum landslagsþáttum frá ákveðnum stöðum. Lítið umfang fyrirhugaðrar skógræktar (5% láglendis) þýðir að útsýni að stærri landslagsþáttum, s.s. fjöllum, mun ekki spillast svo nokkru nemi. Hins vegar gæti útsýni spillst að smærri landslagsþáttum, t.d. útsýni að fossi frá vegi. Þar sem þannig háttar til þarf að taka á því í hönnun skógræktar og tryggja að skógur spilli ekki sýn að mikilvægum landslagsminjum. Í þessu tilliti skiptir staðsetning skógar í landslagi verulegu máli. Skógur í neðanverðri fjallshlíð spillir ekki útsýni og hefur tiltölulega jákvæð áhrif á ásýnd lands að mati margra. Skógrækt á flatlendi, sérstaklega nálægt vegum, getur hins vegar spilt útsýni. Það vill svo til að skógræktarskilyrði eru yfirleitt mun betri í brekkum en á flatlendi og eru þær því líklegri til að verða fyrir valinu sem skógræktarsvæði. Með skjólbeltarækt breytist landslag ræktunar og verður munurinn einkum sá að skurðir verða minna áberandi og tún verða afmörkuð með skjólbeltum í staðinn.

Áhrif á heilsu og öryggi eru óveruleg. Getur haft jákvæð sálræn áhrif á suma en neikvæð á aðra.

Áhrif á aðra landnotkun er óveruleg enda skógræktarsvæði helst í landi sem hentar illa til annarrar landnotkunar: Helst ber þó að nefna skerðingu beitarlands. Getur haft áhrif á samgöngur vegna jöfnunar snjóлага þá ýmist jákvæð eða neikvæði áhrif sem og hamlað sýn manna.

Áhrif á náttúru- og menningaminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði plantað trjám nálægt fornminjum.³

³ Sérstakt Svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, Norðurlandsskógar 2005.



Mynd 2. Dæmi um góða skógarjaðra á efstu og neðstu mynd.

Tillögur að mótvægisaðgerðum / vöktun

Gæta skal umhverfissjónarmiða þegar farið er í skógrækt. Ekki skal taka gott landbúnaðarland undir skógrækt, t.a.m. tún. Í aðalskipulagi Reykhólahrepps eru sett fram markmið í tengslum við landgræðslu og skógrækt í þeim eru fólgnar vissar mótvægisaðgerðir en þau eru:

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúruvinnjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. Þjóðminjalögum.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. Náttúruverndarlaga og hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spilt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.
- Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær stofnvegum en 30 m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 15m eins og kveðið er á um í vegalögum nr. 80/2007. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði.
- Með sérstakri hönnum jaðra og notkun á lágvaxnari tegundum til að milda skil á skógarjöðrum.

Valkostir

Valkostir	Umhverfisþættir			
	Hagrænir og félagslegir	Náttúrufarslegir	Heilsa og öryggi	Náttúru- og menningaminjar
	Efnahagur og atvinnulíf, líbúáþróun, félagslegt umhverfi, byggð og efnisleg verðmæti.	Landslag, jarðmyndanir, líf í vatni, og landi, grunnvatn og strandsvæði.	Heilsufar íbúa, samfélagslegt öryggi, umferðaröryggi og náttúrvá.	Friðlýstar fornleifar, hverfisvernd fyrir náttúru- og söguminjar
Almenn skógrækt	+	0	0	0
Núllkostur	-	0	0	0


Niðurstaða samanburðar

Núllkostur þýðir óbreytt ástand þ.e. að ekki verði af áformum um skógrækt á svæðinu. Í heildina séð eru áhrifin af því talin vera óveruleg. Jákvæð áhrif eiga einna helst við hagræna og félagslega þætti umhverfisins þar sem félagslegur og hagrænn ávinningur af skógrækt getur verið nokkur þar sem hann eflir atvinnulíf á svæðinu en með auknum framlögum til skjólskógaverkefnisins fjölga ársverkum á svæðinu. Einkum mun sumarstörfum fjölga við plöntuframleiðslu í gróðrarstöðvum og við gróðursetningu.

A.m.k. 4 heilsárs hafa skapast við að reka verkefnið og þjónusta það. Hér er átt við sérhæfð störf skógfræðinga, landfræðinga og annarra sem sjá um rekstur, áætlanagerð, ráðgjöf, eftirlit og skráningu. Þá eykst þörf fyrir skógræktarrannsóknir á svæðinu. Skapast hefur þörf fyrir árstíðabundna verktakastarfsemi við girðingar, jarðvinnslu, gróðursetningu og umhirðu, en þegar fram líða stundir mun einnig vera grundvöllur fyrir slíkri starfsemi við grisjun, skógarhögg og flutning eða vinnslu skógarafurða. Það er landeigandinn sjálfur sem tekur ákvörðun um að fara í skógrækt vitandi hvaða landnýtingarþarfir hann hefur aðrar. Skógrækt rýrir því ekki tekjumöguleika af hefðbundnum landbúnaði. Þvert á móti er reynslan af hinu 15 ára gamla Héraðsskógaverkefni sú að þátttaka í skógrækt leiðir gjarnan til bættrar vitundar um allskonar landnýtingu og hagræðingar auk þess að renna stoðum undir valta byggð. Markmið sem sett eru fram um skógrækt hefur varanleg áhrif á umhverfið og hefur í flestum styður í flestum tilfellum þau viðmið sem lögð eru til grundvallar matinu.

Niðurstaða mats

Niðurstaða matsins er að markmið fyrir skógrækt á eftir að hafa talsvert jákvæð áhrif í sveitarfélaginu. Svo fremur að þess verði gætt að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif skógræktar. Það er gert með því skilgreind við undirbúning skógræktar verða verndarsvæði, þ.e. friðlýst svæði, svæði innan 20 m frá fornminjum, svæði innan 30 m frá miðlínu vega og svæði innan 5 m frá raflínum o.s.frv. Einnig önnur viðkvæm svæði, s.s. svæði á náttúruvinnuáskrá og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Fara skal eftir 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda. Í henni segir að öll ræktun útlendra tegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m y.s. Skógur verður ekki ræktaður á þekktum fundarstöðum sjaldgæfra lífverutegunda eða í nágrenni þeirra og höfð verður hliðsjón af válistum Náttúrufræðistofnunar Íslands um sjaldgæfar tegundir. Besta trygging gegn því að skógur verði ræktaður á fundarstað sjaldgæfrar tegundar er þó sú að landeigendur vita yfirleitt um slíka staði á sínu landi og sjá til þess að þeir verði ekki eyðilagðir. Við hönnun skóga verður tillit tekið til ásýndar lands og útsýnis með því að blanda tegundum, hanna jaðra sérstaklega og sleppa gróðursetningu við mikilvæga útsýnisstaði.



1.9.3 Samgöngur

Þær samgöngubætur sem settar eru fram í aðalskipulagi Reykhólahrepps eru annars vegar almennar endurbætur á stofn- og tengivegum sem ekki flokkast undir framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka í lögum um mat á umhverfiáhrifum 106/2000. Hins vegar er um að ræða nýbyggingu vega en þar

skal nefna tvær framkvæmdir. Þetta er breyting á Vestfjarðavegi (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri og þverun Þorskafjarðar, Djúpaþfjarðar og Gufufjarðar og nýr vegur frá Eyri að Vattarnesi. Þessar tvær framkvæmdir hafa þegar farið í mat á umhverfisáhrifum og niðurstöður matsins verða raktar hér á eftir. Þá er fyrirhuguð endurbygging Vestfjarðavegar úr Vattarnesi að sveitarfélagamörkum við Skiptá í Kjálkafirði þar sem settar eru fram hugmyndir þverun Mjóafjarðar og Kjálkafjarðar. Ennfremur nýr vegur um Arnkötludal, frá vegamótum Vestfjarðavegar hjá Ingunnarstöðum að sýslumörkum á fjalli ofan Gautsdals.

Nýr vegur frá Vestfjarðarvegur (nr. 60) Eyri-Vattarnes í Reykhólahreppi

Árið 2001 fór nýr vegur frá Eyri að Vattarnesi í mat á umhverfisáhrifum og var fallist á framkvæmdina. Í matsskýrslu framkvæmdarinnar kom fram að á undirbúningstíma framkvæmdarinnar voru margar vegleiðir bornar saman, þar með talin jarðgöng og núllkostur. Tillaga framkvæmdaraðila hafi verið valin á grundvelli arðsemi, fornminja, greiðfærni, kostnaðar, náttúrufars, umferðaröryggis, líftíma mannvirkisins og sambands skeringa og fyllinga, þ.e. sambandsins milli landslags og vegar. Aðalvalkostur vegagerðarinnar var í matsskýrslu vegagerð frá Eyri að Vattarnesi í Reykhólahreppi. Fyrirhugaður vegur er um 22,7 km langur. Að mestu leyti fylgir vegurinn núverandi vegi en á u.þ.b. helmingi kaflans er um nýlagningu að ræða. Stærstu frávikin frá núverandi vegi eru fyrir botni Kollafjarðar og á vestanverðum Klettshálsi. Auk þess er vegarstæði breytt við Múlaá og fyrir botni Skálmarfjarðar. Tíu aðrir valkostir voru nefndir til samanburðar en þeir eru:

Núllkostur:

Leið 1 á Klettshálsi

Leið 2 á Klettshálsi

Leið 3 á Klettshálsi:

Leið 4 Sjávarleið; Múlaklif – Kollafjarðarbotn

Leið 5, þverun Kollafjarðar

Leið 6, Klettur – Krókavatn

Leið 7, Eyvindargata – Skálmardalur:

Leið 8, Eyvindargata – Skálmardalur:

Leið 9, þverun Skálmarfjarðar

Leið 10, jarðgöng milli Kollafjarðar og Skálmarfjarðar.

Þrír þeirra, jarðgöng (leið 10), þverun Kollafjarðar (leið 5) og Skálmarfjarðar (leið 9) eru samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar ekki arðbærir vegna mikils kostnaðar. Auk þess sem umhverfisáhrif af völdum mikilla fyllinga eru talin veruleg. Efnisþörf er talsvert meiri vegna annarra kosta ef frá eru taldar leiðir 3 á Klettshálsi og 8 frá Eyvindargötu niður í Skálmardal. Á móti kemur að leið 3 spillir mun meira af votlendi á Klettshálsi og leið 8 raskar hávaxnasta og þéttasta hluta birkiskógarins neðan Eyvindargötu og raskar jafnframt leirum Skálmardalsár. Umhverfislegur og vegtæknilegur ávinningur af leiðum 3 og 8 er enginn, samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar, þrátt fyrir minni efnisþörf.

Samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunar⁴ lúta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar vegalagningar samkvæmt leið Vegagerðarinnar einkum að áberandi skeringum Kollafjarðarmegin í Klettshálsi, umfangsmikilli röskun vegna efnistöku á allstórum svæðum á ofanverðum Klettshálsi, námusvæðum A og B og nýlagningu vegar í gegnum birkikjarr neðan Eyvindargötu í Skálmardal. Mikilvægt er að draga úr raski eins og frekast er kostur og vanda allan frágang og til mótvægis birkikjars sem verður raskað neðan Eyvindargötu verði sáð eða plantað í núverandi vegstæði.

Áhrif á vatnabúskap og fuglalíf á votlendi svæðisins við Krókavatn eru talin vera óveruleg, en áhrifin verði vöktuð eins og lagt er til í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar.

Áhrif vegna efnistöku eru talin vera óveruleg að því tilskildu að í verklok verði gengið frá öllum námum. Samráð verði haft við Náttúruvernd ríkisins um þá tilhögun og frágang að framkvæmdum loknum. Einnig ber að sjá til þess að rask sem geti leitt til gruggmyndunar í ánum fari ekki fram á veiðitíma, frá 15. júní til 1. október. Í umsögnum og athugasemdum hefur verið bent á að ástæða sé til að brúarsmíði yfir Eyrar-, Fjarðarhorns- og Skálmardalsár verði samhliða vegagerðinni til að lágmarka truflun á lífríki ána, tryggja umferðaröryggi og þungaflutninga. Unnt er að lágmarka röskun á lífríki ána með því að efnistaka vegna fyrirhugaðra brúargerða fari fram samtímis efnistöku vegna lagningu vegarins og efnið verði geymt til þeirra nota.

Fyrirhugaðar vegabætur munu auka umferðaröryggi en samkvæmt matsskýrslu er reiknað með að áhrif hávaða frá umferð við hús á framkvæmdasvæðinu muni ekki breytast og verði áhrifin hverfandi eða engin. Samkvæmt matsskýrslu eykst útblástur frá bifreiðum og vinnuvélum meðan á framkvæmdum stendur. Útblástur, miðað við þá umferð, sem verið hefur, mun minnka með nýja veginum vegna styttingar og slæmrar legu núverandi vegar.

Samkvæmt matsskýrslu spillir vegurinn tónum í landi Eyrar. Undir veginn fer um 1ha túna og fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á 132 kV Mjólkárínu 1 (Vesturlínu) sem er í eigu Landsvirkjunar en tekið yrði tillit til þess við endanlega hönnun línunnar.

Fornminjum stafar hættu af vegaframkvæmdunum á nokkrum stöðum. Í Vattarfirði og Skálmarfirði eru það bæjarstæði Vattarness og Illugastaða, sem eru í mestri hættu. Við Vattarnes er æskilegt að vegurinn fylgi núverandi veglínu til að koma í veg fyrir að bæjarstæðið sjálft verði fyrir raski. Á hálsinum milli Skálmarfjarðar og Kollafjarðar eru flestar varðanna fyrir utan veglínuna en þó er nauðsynlegt að gæta ýtrustu varúðar á því svæði. Vegagerðin mun merkja allar fornminjar nærri vegsvæðinu sem eru innan 100 m frá vegi með varúðarborðum til áminningar fyrir þá, sem um svæðið kunna að fara, svo fornleifar verði ekki skemmdar í ógáti.

Fyrirhugað vegstæði fer hvergi yfir landslagsheildir eða heildstæð gróðurlendi þannig að það áhrifin á gróðurfar eru talin vera óveruleg. Kaflinn Eyvindargata-Skálmardalur liggur um svæði sem vaxið sé birkikjarri og verði því raskað vegna framkvæmdarinnar. Mótvægisáðgerð vegna þessa væri að fjarlægja

⁴ Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, Vestfjarðavegur (60), Eyri-Vattarnes Reykhólahreppi, 2001

núverandi veg frá stöð 19000 á fyrirhuguðum vegi að núverandi Illugastaðabeygju og á gamla vegstæðinu yrði endurheimt það kjarr sem nemur því sem raskað verður.

Áhrif á fuglalíf talin hverfandi á öllum svæðum nema á Klettshálsi, í austurhlíðum Skálmarfjarðar og við Krókavatn en á þessum stöðum verði áhrifin lítil. Náttúruvernd ríkisins telur að vegna breytinga á vatnsborði Krókavatns þurfi að fylgjast með hvort sú aðgerð hafi tilætluð áhrif á fuglalíf. Því sé æskilegt að leggja fram vöktunaráætlun.

Nýr vegur Vestfjarðavegur (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri í Reykhólahreppi

Árið 2006 úrskurðaði Skipulagsstofnun um Vestfjarðaveg (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri í Reykhólahreppi. Fallist var á framkvæmdina með skilyrðum en lagst gegn hluta framkvæmdar. Þann 5. janúar 2007 úrskurðaði umhverfisráðherra og staðfesti sá úrskurður að hluta til úrskurð Skipulagsstofnunar og hluti hans var felldur út.

Í matsskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að fyrirhugaðri framkvæmd verði skipt í þrjá áfanga: 1. áfangi er á milli Bjarkalundar og Þórisstaða vestan Þorskafjarðar; 2. áfangi er á milli Þórisstaða og Krakár vestan Gufufjarðar og 3. áfangi er frá Kraká fyrir Skálanes að Eyri í Kollafirði. Lagðir eru fram tveir kostir á 1. áfanga til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar. Annars vegar fyrir Þorskafjörð og hins vegar þvert yfir Þorskafjörð. Á 2. áfanga eru lagðar fram þrjár leiðir til athugunar og úrskurðar, leiðir B, C og D. Á 3. áfanga er lögð fram ein leið. Í matsskýrslu kemur fram að við undirbúning framkvæmdarinnar hafi verið fleiri kostir sem ekki reyndust koma til greina og Vegagerðin hafi ákveðið að leggja ekki fram til athugunar og úrskurðar Skipulagsstofnunar en þetta voru Fjöruleið á leið B í 2. áfanga. Á kaflanum frá Gröf og út á Hallsteinsnes var skoðaður vegur sem yrði fram á fjöllum og færi hvergi yfir 10 m y.s. en honum var hafnað þar sem hann yrði a.m.k. 140 mkr dýrari en efri leiðirnar auk þess sem sá kostur hefði í för með sér töluverða röskun á fjörulífi. Leið E. Skoðað var að fara með göng í gegnum Gufudalsháls en því var hafnað vegna mikils kostnaðar. Í matsskýrslu kom fram að núverandi vegur, núllkostur, komi ekki til greina. Á 1. áfanga hefur vegurinn viðunandi legu, að undanskildum 1 km kafla milli Hofstaða- og Kinnarstaðavegar. Á 2. áfanga fer vegurinn hæst í um 336 m y.s. á Hjallahálsi og er nokkuð krappur og brattur. Engu að síður telji Vegagerðin að vegurinn á þessum kafla sé fullnægjandi fyrir þá umferð sem um hann fer. Núverandi vegur frá Krossgili og vestur fyrir Kraká er hins vegar óviðunandi. Snjóavandamál eru undir Mýrlendisfjalli, þar er mikill bratti og tvær krappar lykkjur. Óviðunandi langhalli og krappi er upp á Ódrjúgháls að sunnan. Snjóflóð eru þekkt undir Brekkubarminum í Gufufirði. Vegagerðin telur að núllkostur komi því ekki til greina á kaflanum milli Krossgilja og Krakár. Á 3. áfanga er vegurinn burðarlítill auk þess sem hann er víða of brattur og beygjur eru of krappar. Vegagerðin telur að núllkostur komi því ekki til greina þar.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006⁵ kemur fram að með tilliti til áhrifa á samgöngur og umferðaröryggi eru báðir kostir í 1. áfanga framkvæmdanna, fyrir og yfir Þorskafjörð ásættanlegar. Munur leiðanna felst fyrst og fremst í því að endurbætur á veginum fyrir fjörðinn þjóna betur þeim sem eiga leið yfir Þorskafjarðarheiði en þverun fjarðarins hefur í för með sér umtalsverða styttingu fyrir þá sem eiga leið um Barðaströnd. Leiðir C og D uppfylli kröfur Vegagerðarinnar um umferðaröryggi og greiðfærni en leið B hafi töluverða yfirburði í 2. áfanga þar sem hún liggur eingöngu á láglendi. Þrátt fyrir minni háttar breytingar á vegstæði í 3. áfanga leiðarinnar telur Skipulagsstofnun að breytingarnar muni auka umferðaröryggi vegna bættrar legu vegarins. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af því öryggi sem felst í nálægð bæja við þjóðveg ef slys eða stórvíðri hamlar för sé leið D ákjósanlegust í 2. áfanga. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir fyrirhugaðar vegabætur milli Bjarkalundar og Eyrar þá verði Klettsháls eftir sem áður mesti farartálminn vegna óveðurs eða ófærðar á veginum í gegnum Reykhólahrepp.

Skipulagsstofnun telur að þau ólíku sjónarmið sem fram hafa komið varðandi áhrif leiða B og D, í 2. áfanga, á ferðaþjónustu og náttúruvernd endurspegli afstöðumismunandi hagsmunahópa.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 geri það illmögulegt að vegur verði lagður samkvæmt leið C í 2. áfanga. Sama gildir um veltengingu af leið B inn vestanverðan Djúpafjörð. Fyrir liggur að verndargildi Teigsskógar á leið B er meira en annarra birkiskóga á svæðinu, þar sem hann er á náttúruinjasrá og vegagerð um skóginn samræmist illa lögum um náttúruvernd og gengur í berhögg við stefnumörkun stjórnvalda til sjálfbærar þróunar. Skipulagsstofnun telur hins vegar að þó svo að Breiðafjörður sé friðaður samkvæmt sérstökum lögum þá séu engin skýr fyrirmæli í þeim lögum sem útiloki vegagerð á svæðinu með þverun fjarða. Skipulagsstofnun telur að ógerningur sé að leggja veg samkvæmt leið B út vestanverðan Þorskafjörð í gegnum Teigsskóg án þess að það hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þrátt fyrir að unnt sé að gróðursetja í jafnstórt eða jafnvel enn stærra svæði en það sem raskast á leið B þá geti sú endurheimt aldrei komið algjörlega í stað þeirrar miklu röskunar sem verði í þróðu vistkerfi Teigsskógar. Skipulagsstofnun telur að þar sem birkiskógar og votlendi njóti um margt sambærilegrar stöðu sem heildstæð vistkerfi þá sé eðlilegt að við framkvæmdir sem hafa í för með sér röskun á slíkum svæðum séu gerðar sambærilegar kröfur um mótvægisáðgerðir. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að Vegagerðin endurheimti að lágmarki jafnstór birkisvæði og raskast vegna framkvæmda við þverun Þorskafjarðar, við vegagerð yfir Hjallaháls og Ódrjúgháls og á Skálanesi.

Nokkurt rask verði á grónum svæðum sér í lagi á í nýjum vegstæðum og þegar opna þarf nýjar námur, en mikilvægt sé að þannig verði staðið að framkvæmdum og að því miðað að halda gróðurspjöllum í algjöru lágmarki.

Áhrif á fuglalíf eru á þann veg að leið C muni hafa umtalsverð áhrif á erni þar sem veruleg hætta er á að arnarsetur sem hefur gefið af sér um 20% arnarunga við norðanverðan Breiðafjörð leggist í eyði og sama gildir um áhrif veltengingar af leið B frá Grónesi inn vestanverðan Djúpafjörð. Þá telur stofnunin að tveir

⁵ Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, Vestfjarðavegur (nr. 69) Bjarkalundur-Eyri Reykhólahreppi, 2006

ystu kostir við þverun Djúpaðar á leið B muni hafa umtalsverð áhrif á arnarsetrið í Ystey. Áhrif leiðar B á fæðuöflun rauðbrystings í Gufufirði verði óhjákvæmilega nokkur og mikilvægt að tryggja full vatnsskipti við þverun fjarðarins. Að öðru leyti verði áhrif allra leiða í 2. áfanga fyrst og fremst á algengar tegundir fugla en muni ekki hafa veruleg áhrif á búsvæði þeirra. Áhrif framkvæmda í 1. og 3. áfanga á fugla muni verða fremur lítil. Þeir fuglar sem verði fyrir áhrifum eru fremur algengir á svæðinu, auk þess sem áhrifin verða að mestu tímabundið ónæði á framkvæmdatíma.

Brýnt er að efnistaka úr farvegum á veiðitíma og telur Skipulagsstofnun að reynist það nauðsynlegt sé haft samráð við Landbúnaðarstofnun. Til að draga sem mest úr áhrifum á fjörur og vistkerfi á leirum er afar brýnt að full vatnsskipti séu við þverun Þorskafjarðar, Djúpaðar og Gufufjarðar. Þar með eigi eingöngu að tapast sá hluti grunnsævis sem fer undir fyllingu að brúaropi beggja vegna fjarðarins. Brýnt er að leirur verði ekki skertar og telur því að fyrirhugaðar þveranir innarlega í Djúpaðar og Gufufirði muni valda mun minni skaða ef fylgt verður ytri kostum á leið D þar sem botninn er sendnari og lífmeiri leirum yrði hlíft. Skipulagsstofnun telur að leiðir B og C í 2. áfanga framkvæmdanna komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en leið D og 1. og 3. áfangar munu hafa nokkur neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Leið B í gegnum Teigsskóg og tilheyrandi efnistaka í Teigsskógi, á Hallsteinsnesi og á Grónesi mun hafa umtalsverð áhrif á landslag í för með sér. Skipulagsstofnun telur að áhrif leiðar D á landslag verði töluverð annars vegar vegna skeringa í gróðurlitlar skriður í austanverðum Ódrjúghálsi og hins vegar vegna þverunar Gufufjarðar á grynningum. Skipulagsstofnun telur óhjákvæmilegt að þverun Þorskafjarðar í 1. áfanga muni hafa töluverð áhrif á landslag sem munu verða mest vegna skeringa í sjávarbakkana beggja megin fjarðarins. Skipulagsstofnun telur afar mikilvægt að við framkvæmdina verði öllu raski haldið í lágmarki og vandað til frágangs í verklok, með því móti sé unnt að milda áhrif á landslag og jarðmyndanir.

Skipulagsstofnun telur að hvort heldur sem farið yrði fyrir eða yfir Þorskafjörð í 1. áfanga þá muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á menningarminjar. Leið B er lakasti kostur í 2. áfanga með hliðsjón af áhrifum á fornleifar. Leiðin liggur nærri friðlýstum fornleifum á Grímkelsstöðum og hefur áhrif á mun fleiri fornleifar en leiðir C og D og það þrátt fyrir að ekki sé búið að skrá fornleifar í Teigsskógi en líkur bendi til að þar leynist óþekktar fornleifar. Afar brýnt er að í 2. og 3. áfanga verði fylgt tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um merkingar og fornleifauppgröft eftir því sem við á. Meginreglan er sú að allar minjar innan 100 m frá veglínunum og efnistökusvæðum verði afmarkaðar og merktar með áberandi hætti á framkvæmdatíma en þær minjar sem einsýnt er að verði í hættu vegna framkvæmdarinnar verði rannsakaðar samkvæmt kröfum Fornleifaverndar ríkisins.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að lagning 1. áfanga Vestfjarðavegar samkvæmt báðum leiðum milli Bjarkalundar og Þórisstaða, 2. áfanga milli Þórisstaða og Krakár samkvæmt leið D og 3. áfanga milli Krakár og Eyrar muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Lagst var gegn lagningu vegar samkvæmt 2. áfanga frá Þórisstöðum að Kraká samkvæmt leiðum B og C ásamt tilheyrandi efnistöku í Teigsskógi, á Hallsteinsnesi og Grónesi þar sem hún mun hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Þann 5. janúar 2007 úrskurðaði umhverfisráðherra og staðfesti sá úrskurður að hluta til úrskurð Skipulagsstofnunar og hluti hans var felldur út. Úrskurðurinn var þannig hljóðandi að úrskurður Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðarveggar nr. 60 á milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi var staðfestur nema hvað varðar leið B í 2. áfanga. Fallist er á leið B í 2. áfanga með eftirfarandi skilyrðum⁶:

1. Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast. Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðafni úr Teigsskógi eða annars staðar á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.
2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskóga. Við nánari útfærslu á vegstæðinu, frágangi þess og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.
3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og villtum fuglum nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.
5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.
6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafljarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.

⁶ Umhverfisráðuneyti, úrskurður umhverfisráðherra vegna Vestfjarðavegar (nr. 60), Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi, 2007

1.9.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við gerð aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018, í samræmi við matsáætlun, þess verið gætt að áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Þær áætlanir sem um ræðir eru:

a. Svæðisskipulag Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012, verður felld úr gildi þegar fyrir liggur aðalskipulag fyrir Dalabyggð og Reykhólahrepp.

b. Aðalskipulag nágrannabyggðalaga: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016. Aðalskipulag Dalabyggðar er þegar þetta er skrifað enn í vinnslu en þess hefur verið gætt að einstök stefnumið sveitarfélaganna hafi verið í samræmi. Helst ber þar að nefna stefnumið um samgöngur. Það sama ber að nefna um aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018 og aðalskipulag Hólmavíkurhrepps 1994-2014

c. Vaxtarsamningur Vestfjarða. Aðalskipulag Reykhólahrepps tekur mið af Vaxtarsamningi Vestfjarða en meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum: 1) Sjávarútvegs- og matvælaklasi 2) Mennta- og rannsóknarklasi 3) Menningar- og ferðaþjónustuklasi. Fyrir Reykhólahrepp á þetta einna helst við tillögur sem snerta samgöngur.

d. Náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjasrá: Náttúruverndaráætlunin og Náttúruminjasrá afmarka sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og marka stefnu um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og Náttúruminjasrá.

e. Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020: Aðalskipulag Reykhólahrepps tekur mið af þeirri stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*.

f. Staðardagskrá 21: Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 er í samræmi við stefnumörkun Staðardagskrár 21 í Reykhólahreppi um sjálfbæra þróun og stuðlar að styrkingu þriggja grundvallarþátta sjálfbærrar þróunar sem ná til hagrænna, samfélagslega og umhverfislega þætti í umhverfinu. efnahags, samfélagslegs jöfnuðar og verndunar umhverfis.

g. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004: Aðalskipulag Reykhólahrepps er í samræmi við Verndaráætlun Breiðafjarðar að stuðla að verndun svæðisins í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar.

1.9.5 Heildarniðurstaða matsvinnunnar

Umhverfisáhrif aðalskipulags Reykhólahrepps 2006 – 2018 eru þegar á heildina er litið talin vera frekar jákvæð. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum að samgöngubætur verði miklar í kjölfar nýrra vega á milli Bjarkarlundar og Skiptár í Kjálkafirði. Með því mun umferðaröryggi um sveitarfélagið aukast til muna og tengingar við nágrannasveitarfélögin batna og atvinnusvæði stækka. Með aukinni frístundabyggð mun umferð einnig aukast og þjónustustig hækka. Með aukinni skógrækt munu skapast ný atvinnutækifæri og aðstaða til útivistar verður enn fjölbreyttari. Áhrif á náttúrufar eru talin geta verið staðbundin vegna

uppbyggingar á svæðum fyrir frístundabyggð og vegna aukinnar skógrækt. Draga má þó verulega úr þeim áhrifum ef farið er eftir þeim aðgerðum sem lagðar eru til í umhverfisskýrslunni.

1.10 MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR SKV. LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Dæmi um framkvæmdir sem ávallt skulu háðar mati á umhverfisáhrifum:

1. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmafl eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.
2. Stofnbrautir í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
3. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
4. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.
5. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.
6. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistöðustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.
7. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
8. Fiskimjòls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Í 2. viðauka eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Eftirfarandi eru dæmi um slíkar framkvæmdir:

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
 - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
 - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
 - c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.
 - d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
 - e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
2. Námuðnaður:
 - a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.
3. Matvælaúnaður:
 - a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
 - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
 - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
 - d. Öl- og maltgerð.
 - e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
 - f. Sláturhús.
 - g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
 - h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
4. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.
5. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

1.10.1 Matsskyldar framkvæmdir í Reykhólahreppi

Eftirfarandi framkvæmdir hafa farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum í Reykhólahreppi.

2001030048: Vestfjarðavegur (60): Eyri - Vattarnes, Reykhólahreppi. Fallist var á framkvæmd. Er því bent á úrskurð Skipulagsstofnunar frá 13. ágúst 2001.⁷

2004120076: Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbæ og Reykhólahreppi. Fallist var á framkvæmd með skilyrðum. Er því bent á úrskurð Skipulagsstofnunar frá 8. september 2005.⁸

⁷ Vestfjarðavegur (60): Eyri - Vattarnes, Reykhólahreppi, 2001

⁸ Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbæ og Reykhólahreppi, 2005

2005040072: Vestfjarðavegur (nr. 60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi. Úrskurður Skipulagsstofnunnar var á þann veg að fallist á framkvæmd með skilyrðum en lagst gegn hluta framkvæmdar. Er því bent á úrskurð Skipulagsstofnunnar frá 28. febrúar 2006.⁹

Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum sem eru matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2000.

Eftirfarandi framkvæmd er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 105/2000.:

Skógrækt á 61 ha í Mýrartungu II á svæði 301 í náttúruminjaskrá, Borgarland.

⁹ Vestfjarðarvegur (nr.60) Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi, 2006

2 SKIPULAGSÁÆTLUN - LANDNOTKUN OG ÞRÓUN BYGGÐAR

2.1 LÝSING AÐALSKIPULAGS

Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið í heild er í mkv. 1:100.000 og uppdráttir fyrir þéttbýlið Reykhóla og Flatey er í mkv. 1:10.000. Auk þess eru fjórir skýringaruppdráttir aftast í greinargerðinni. Í þessum kafla er nánari lýsing á tillöguuppdrátti og stefnumörkun fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu. Hver landnotkunarflokkur hefur sinn ákveðna lit og tákn á uppdrátti og gilda þær reglur og viðmiðanir sem lýst er nánar í greinargerð. Vegna mælikvarða á sveitarfélagsuppdrátti eru svæði sem eru 5 ha eða minni táknuð með hring en ekki afmörkuð. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er samkvæmt núverandi notkun og er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

2.2 MEGINÞÆTTIR AÐALSKIPULAGS

Miklar breytingar hafa orðið í landnotkun á síðari árum. Landbúnaður hefur minnkað þó nokkuð vegna breyttra búsetuhátta landsmanna en ennþá hafa flestir íbúanna í Reykhólahreppi viðurværi sitt af landbúnaði.

Reykhólar er eina þéttbýlið og tekið er frá svæði fyrir nýja íbúðarbyggð sem anna eiga fyrirhugaðri fjölgun íbúa á skipulagstímanum 2006-2018. Svæði sem ætluð eru atvinnustarfsemi og iðnaði eru rúm. Helstu dráttum í landnotkun á Reykhólum er að öðru leyti lýst í [kafla 3](#).

Vegna sérstöðu Flateyjar er fjallað um landnotkun þar eins og um þéttbýlissvæði væri að ræða.

Gert er ráð fyrir aukinni aðsókn í sumarbústaðalóðir á svæðinu og eru svæði fyrir frístundabyggð sýnd á aðalskipulagsuppdrátti.

Breiðafjarðarsvæðið nýtur verndar samkvæmt sérstökum lögum. Í Reykhólahreppi eru 3 friðlýst svæði og 10 svæði á náttúruminjasrá. Þá eru 14 minjastaðir friðlýstir skv. Þjóðminjalögum auk fjögurra friðaðra húsa.

2.3 LANDNOTKUN Í DREIFBÝLI

2.3.1 Meginmarkmið

Hér á eftir fara sérstakar áherslur í hverjum málaflokki í Reykhólahreppi:

Búseta og byggð

Styrkja þarf búsetu í Reykhólahreppi. Lögð er áhersla á samfellda byggð í þéttbýli. Stefnt er að heildstæðum íbúðahverfum í góðum tengslum við útivist og þjónustu. Yfirbragð byggðarinnar skal taka mið af náttúrulegu umhverfi sínu. Stefnt er að eflingu atvinnugreina tengdum ferðaþjónustu og útivist, þannig að Reykhólahreppur verði eftirsóttur staður fyrir ferðamenn.

Atvinnulíf

Stefnt er að Reykhólahreppur geti boðið upp á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem tekur tillit til umhverfisins. Þróun atvinnulífsins taki mið af sérstöðu byggðalagsins í landbúnaði, iðnaði, öflugri þjónustu við ferðamenn og nýtingu jarðvarma á svæðinu.

Félagsþjónusta

Lögð er áhersla á að uppeldis-, félags- og menningarleg sjónarmið endurspeglast í skipulagi byggðalagsins.

Umhverfi

Sveitarfélagið hefur það að markmiði að þróun samfélagsins taki mið af Staðardagskrá 21. Lögð verður áhersla á að uppfræða almenning og hvetja til þátttöku í endurbótum á umhverfi bæjarins.

Samgöngur

Við skipulag umferðarkerfis er stefnt að því að auka öryggi akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda. Lögð er áhersla á einfalt og öruggt gatnakerfi sem stuðlar að lágmarks mengun. Lögð verði áhersla á öruggar gönguleiðir til og frá skóla.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).



Mynd 3. Skálmarneskirkja.

2.3.2 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Markmið:

- Styrkja þjónustustarfsemi til að efla byggð á svæðinu.
- Gert er ráð fyrri að starfsemi núverandi þjónustustofnanna geti eflst og vaxið eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.

Leiðir:

- o Að styrkja og vernda menningarsögulegt umhverfi kirkna í hreppnum.
- o Bætt aðgengi að þjónustustofnunum til að auka nýtingu á einstökum stofnunum.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili, meðferðarheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi. Á uppdrætti fá þjónustustofnanir appelsínugult tákn og númer. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki þjónustustofnana í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Garpsdalskirkja í Gilsfirði	Garpsdalur hefur verið kirkjustaður síðan snemma á öldum. Kirkjan sem nú stendur er úr timbri og járnlædd var byggð á árunum 1934-35 og vígð 16. júní 1935. Stærð lóðar 0,15 ha.
S2	Vogaland á Króksfjarðarnesi	Á Króksfjarðarnesi er félagsheimilið Vogaland sem var byggt árið 1958. Stærð lóðar 0,3 ha.
S3	Staðarkirkja á Reykjanesi	Sóknarkirkjan á Stað var lögð niður árið 1957 en kirkjan sjálf sem var reist 1864 stendur enn og er byggingin friðlýst. Stærð lóðar 0,1 ha.
S4	Gufudalskirkja í Gufudalssveit	Kirkju í Gufudal er fyrst getið um 1200 en var kirkjan helguð Guði og hinum helga krossi í kaþólskum sið. Stærð lóðar 0,5 ha.
S5	Skálmarneskirkja í Múlasveit	Kirkja hefur verið í Skálmarnesi síðan um 1200 og var hún helguð heilögum Lárentíusi. Stærð lóðar 0,2 ha.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð).



Mynd 4. Hótel Bjarkarlundur. (Ljósmynd. www.bb.is)

2.3.3 Verslunar- og þjónustusvæði**Markmið:**

- a. Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu. Gert er ráð fyrir að svæðin geti eflst og þannig rennt styrkari stoðum undir byggð.
- b. Aukin verði þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn á svæðinu.

Leiðir:

- o Uppbygging ferðamannastaða og skilgreining verndarsvæða kalla á aukna þjónustu á svæðinu.
- o Að vinna að því að efla vitund sveitarstjórnarmanna og heimamanna um mikilvægi ferðapjónustunnar.
- o Að leitað verði eftir nýjum tækifærum á sviði viðskiptatengdrar ferðapjónustu.
- o Að fjölga gistingualeikum innan svæðisins.
- o Athuga með stofnun á fræðasetri um rannsóknir á strandmenningu.
- o Uppbygging Bátasafns Breiðafjarðar.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar- og þjónustusvæða í sveitarfélaginu og tilgreint hverskonar starfsemi fer fram á þeim í dag, sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Á uppdrætti fá verslunar- og þjónustusvæði gult tákn og númer.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Króksfjarðarnes	Í Króksfjarðarnesi er bensínsala, banki og póstafgreiðsla. Lóðin er um 1 ha að stærð.
V2	Hótel Bjarkarlundur	Í Bjarkarlundi fyrir botni Berufjarðar er starfrækt sumarhótel. Þar eru einnig rúmgóð tjaldsvæði. Stærð svæðis um 1,2 ha.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

2.3.4 Iðnaðarsvæði**Markmið:**

- Stuðlað verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Stuðlað verði að frekari rannsóknum á nýtingarmöguleikum jarðhita.

Leiðir:

- o Sveitarstjórn hafi frumkvæði um jarðhitaleit.
- o Hafin verði athugun á því hvort mögulegt sé að fjölga smávirkjunum.

Stefnt er að því að sveitarstjórnir hafi frumkvæði um jarðhitaleit bæði til húshitunar og fyrir iðnað, t.d. fiskeldi. Kanna þarf möguleika á því að fjölga smávirkjunum á skipulagssvæðinu í samvinnu við orkufyrirtæki. Tvö iðnaðarsvæði er utan þéttbýlis. Iðnaðarsvæði eru táknuð með dökkgráum lit og númeri á skipulagsupprætti. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki iðnaðarsvæða í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I1	Króksfjarðarnes	Sláturhús, gæruhús og kjötsalur. Lóðarstærð er um 0,8 ha og eru byggingar um 920 m².	Króksfjarðarnes
I2	Króksfjarðarnes	Söfnunarstaður fyrir brotajárn. Stærð svæðis 1,3 ha.	Króksfjarðarnes
I3	Geiradalur	Tengivirki. Var tekið í notkun 1983 og var reist sem hluti af því markmiði að tengja Vestfirðina og Mjólkársvirkjun við 132 kV byggðalínuna. Hlutverk tengivirkisins er einnig að þjóna sveitunum í kring svo sem Króksfjarðarnesi og Reykhólum. Stærð lóðar 0,5 ha.	Geiradalur

HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).



Mynd 5. Höfnin á Stað.

2.3.5 Hafnarsvæði**Markmið:**

- Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs.
- Aðstaða til ferjusiglinga um Breiðarfjörð verði styrkt.

Leiðir:

- o Hafnarmannvirki nýtist bæði fyrir sjávarútveg og ferjusiglingar.
- o Að lækka flutningskostnað með því að stuðla að lækkun á opinberum álögum á flutningastarfsemi.
- o Kanna möguleika á kræklingarækt, ræktun sæeyra og annars sjávarfangs.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki hafnarsvæða í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Fjögur hafnarsvæði eru skilgreind í dreifbýli og eru þau táknúð með dökkbláum lit og númeri á skipulagsupprætti en um er að ræða smábátabyggjur og ferjubryggjur. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á þessum svæðum á skipulagstímabilinu.

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
H1	Króksfjarðarnes	Ferjubryggja	Króksfjarðarnes
H2	Staður	Smábáta- og ferjubryggja	Staður
H3	Hvallátur	Smábátabyggja	Hvallátur
H4	Skáleyjar	Smábátabyggja	Skáleyjar

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökustaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).

2.3.6 Efnistökusvæði**Markmið:**

- a. Séð verði fyrir nægu framboði efnistökusvæða fyrir ýmiss konar byggingastarfsemi.
- b. Kortleggja þarf silfurbergs- og surtarbrandnámur í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- o Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- o Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

Eftirfarandi sérgreind markmið gilda um efnistökusvæði:

- a. Framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir efnisnáum til sveitarstjórnar, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út ef ekki er í gildi staðfest aðalskipulag. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistgerðir sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. 47. gr. sömu laga.
- b. Áætlun um vinnslu. Landeigendur og sveitarstjórn geri áætlun um efnistöku í samræmi við gildandi lög. Skv. 48. gr. náttúruverndarlaga skal áður en framkvæmdaleyfi er veitt liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæða.
- c. Mat á umhverfisáhrifum. Þar sem áætluð efnistaka á landi eða úr hafsbótmi raskar 50.000 m² (5 ha) svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri eru háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Ennfremur efnistaka á landi eða úr hafsbótmi þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m². Þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða efnistöku skv. 6. gr. sömu laga og viðauka 2, þegar um er að ræða efnistöku sem raskar 25.000 m² (2.5 ha) svæði eða stærra eða ef magn jarðefna er 50.000 m³ eða meira. Ennfremur ef um er að ræða efnistöku á verndarsvæðum.

Leyfi Matvælastofnunar þarf að liggja fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki veiðivatna, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði en þar segir: „ Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigegnd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfir Landbúnaðarstofnunar.“ Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir

vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt ákvæði IV til bráðbirgða í lögum 44/1999 um náttúruvernd er eftir 1. júlí 2008 efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af atriðum sem talin eru upp í lið c hér að ofan eiga við um efnistöku. Þá skal eftir 1. júlí 2012 afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999.

Almennar leiðbeiningar um efnistöku og val á efnistökustað:

Eftirfarandi kom fram í skýrslunni "Námur. Efnistaka og frágangur" sem gefin var út af nokkrum opinberum aðilum sem koma að efnistöku málum árið 2002 á bls. 9-13.

Við val á efnistökusvæði er mikilvægt að velja efni úr þeirri gerð jarðmyndunar sem best hentar fyrirhuguðum notum á efninu. Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur, ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökunnar verði sem minnst að frágangi loknum..

Þegar efnistökusvæði er valið þarf að hafa í huga:

- Hver efnistökuþörfin er.
- Að líta þarf á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem það er best til fallið.
- Að efnistakan sé á landi sem ekki hefur hátt verndargildi.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að svipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur.
- Að efnistökusvæði sé lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.
- Að efnistaka sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlun.
- Að efni sé valið úr þeirri gerð jarðmyndunar sem hentar notum á efninu og að vegalengd frá efnistökusvæði að framkvæmdastað sé innan hóflegra marka.
- Að þess sé gætt að efnistaka úr ám og sjó valdi ekki hættu á landbroti, hvorki úr árbökkum né strandlengju.

Ef vinnslutími er stuttur er æskilegt að velja efnistökusvæði fyrst og fremst með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá að efnistöku lokinni á kostnað annarra þátta eins og sýnileika frá fjölförnum

stöðum. Ef fyrirhugað er að efnistaka taki lengri tíma, eða ef efni er tekið úr jarðmyndunum sem erfitt getur verið að lagfæra, þá ætti að velja efnistökuastað þar sem efnistaka er sem minnst áberandi frá alfaraleið og úr jarðmyndunum sem ekki þykja sérstæðar. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu efnistökusvæða, þar sem hávaði, ryk og önnur mengun eða óþægindi geta fylgt efnistökunni.

Þegar efnistökusvæði hefur verið valið þarf að skipuleggja eftirfarandi áður en efnistaka hefst:

- Námusvæðið í heild sinni, tilhögun efnistöku, vinnslutímabil og áfangaskiptingu efnistökkunnar.
- Tilhögun landmótunar og frágangs efnistökusvæðis að efnistöku lokinni.
- Uppgræðslu efnistökusvæðis þar sem það á við.

Ofangreind atriði þurfa að liggja fyrir áður en efnistaka hefst og koma fram í áætlun um efnistöku.

Námur í Reykhólahreppi

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir efnistöku á eftirfarandi svæðum. Ekki er um að ræða efnistöku sem heyrir undir lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) vegna tilkynningaskyldu eða matsskyldu. Stærðarmörk þessara svæða miðast því við allt að 25.000 m² svæði eða 50.000 m³ magni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar.

Í aðalskipulagsvinnunni hefur verið leitast við að fækka námum. Eftirfarandi yfirlit yfir efnistökusvæði er sett fram með fyrirvara um framkvæmdaleyfi, sem í fæstum tilvikum liggur fyrir.:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing/Staða skipulags	Jörð
E1	Garpsdalur	Malarnáma/framtíðarnáma	Garpsdalur
E2	Króksfjarðarnes	Malarnáma/grjótnáma/ framtíðarnáma	Króksfjarðarnes
E3	Seljanes	Malarnáma/framtíðarnáma	Seljanes
E4	Barmar	Malarnáma/framtíðarnáma	Barmar
E5	Miðhúsamelur	Malarnáma/framtíðarnáma	Miðhús
E6	Miðjanes	Malarnáma/grjótnáma/ framtíðarnáma	Miðjanes
E7	Kollabúðareyri	Malarnáma	Kollabúðir

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Á sorpförgunarsvæðum fer fram förgun sorps og annars úrgangs. Sorpförgunarsvæði eru starfsleyfis skyld og umhverfismatsskyld. Móttöku- og flokkunarstöðum fyrir sorp verður komið fyrir á landbúnaðarsvæðum og svæðum fyrir frístundabyggð og teljast eðlilegur hluti þeirrar landnotkunar. (Sjá einnig gr. 4.10 í skipulagsreglugerð).

E8	Gufudalur	Malarnáma/framtíðarnáma	Gufudalur
----	-----------	-------------------------	-----------

2.3.7 Sorpförgunarsvæði**Markmið:**

- Leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr umfangi sorps.
- Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs.

Leiðir:

- o Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum.*
- o Íbúum verði gert auðveldara fyrir með flokkun sorps. Sorpgámum verði komið fyrir á völdum stöðum í dreifbýli og ástandi gámasvæðis verði bætt.*
- o Unnið verði að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.*
- o Íbúar verði fræddir um hvernig hægt er að lágmarka myndun úrgangs.*

Úrgangsstjórnun í Reykhólahreppi

Úrgangur úr sveitarfélaginu er fluttur í Fíflholt á Mýrum til urðunar. Reykhólahreppur er ekki aðili að Sorpsamlagi Vesturlands sem rekur urðunarstaðinn í Fíflholtum. Á sumrin eru 10-11 gámar á vegum sveitarfélagsins víðsvegar um hreppinn, en 9-10 á veturna. Úrgangur er ekki sóttur heim á bæi, heldur verða íbúar að koma honum í gáma. Takmörkuð flokkun er á úrgangi, en við Króksfjarðarnes er söfnunarstaður fyrir brotajárn.¹⁰ Unnið er að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs í samræmi við lög 55/2003 þar sem tekið verður á því með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum um meðhöndlun úrgangs.

¹⁰ Staðardagkrá fyrir Reykhólahrepp, 2006.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).



Mynd 6. Frístundahús Skálarnesi.

2.3.8 Svæði fyrir frístundabyggð

Markmið:

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og stærð og þéttleiki nýrra svæða skal kveðið á um í deiliskipulagi. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.
- Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi.
- Á nýjum svæðum skulu lóðir jafnan verða á stærðarbilinu 0,5 - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Leyfilegt að byggja allt að 3 sumarhús á landbúnaðarsvæðum á lögbýlum, sem eru stærri en 70 ha, án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundabyggð í aðalskipulagi

Leiðir:

- o Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- o Gera skal úttekt á náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- o Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hrufað við birkiskógum við frekari framkvæmdir.
- o Ný frístundabyggðarsvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna staða.
- o Reykhólahreppur mun hafa frumkvæði að bjóða upp á lóðir undir frístundabyggð.

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsupprætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtákni á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Tilgreindar eru stærðir lóða og svæða, auk þess er getið hvaða lóðir og svæði hafa fengið deiliskipulagslega meðferð.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki frístundabyggða í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Svæði undir frístundabyggð eru þessi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Hafrafell I í Reykhólasveit	Deiliskipulag í vinnslu. Svæðið er um 41 ha.
F2	Bjarkarlundur í Berufirði	Á svæðinu er sumarhúsabyggð sem tekur til 9 lóða skv. Deiliskipulagi frá 2003. Stærð svæðisins er 4 ha. * Deiliskipulag samþykkt 12.06.2003.
F3	Berufjörður í Berufirði	Á svæðinu eru 3 sumarhús samkvæmt Deiliskipulagi frá 2000. Svæðið er um 30 ha.
F4	Skáldsstaðir	Á svæðinu er eitt sumarhús skv. deiliskipulagi frá 1994.* Deiliskipulag samþykkt 05.05. 1993 og 18.05. 1994.
F5	Hyrningsstaðir í Berufirði	7 hús, deiliskipulag frá 1973.
F6	Þórisstaðir í Þorskafirði	Á svæðinu er eitt sumarhús skv. deiliskipulagi frá 2000. * Deiliskipulag samþykkt 10.04.2002.
F7	Hallsteinsnes í Gufudalssveit	3 hús
F8	Djúpidalur í Gufudalssveit	Á svæðinu eru 3 sumarhúsaloðir og gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Svæðið er um 89 ha.
F9	Miðhús í Djúpafirði	Á svæðinu eru 3 sumarhúsaloðir skv. deiliskipulagi. *Deiliskipulag samþykkt 30.08. 1995.
F10	Grónes í Gufudalssveit	Á svæðinu eru 3 sumarhúsaloðir og er gert ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 10 eins og skilgreint verður í deiliskipulagi. Stærð svæðis er um 10 ha. * Deiliskipulag samþykkt 02.08. 2001.
F11	Kirkjuból við Kvígindisfjörð	Á svæðin er eitt sumarhús skv. deiliskipulagi frá 2000. Stærð svæðisins er um 0,9 ha.
F12	Fremri-Gufudalur	Veiðihús og 4 sumarhús, svæðið er um 24 ha.

2.3.9 Opin svæði til sérstakra nota

Markmið:

- a. Stefnt er að því að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.

Leiðir:

- o Gert er ráð fyrir að starfsemi á núverandi svæðum til sérstakra nota geti eflst, eins og nánar verður skilgreint í deiliskipulagi.
- o Útbúin verði útivistarsvæði víðar í sveitarfélaginu sem væru opin almenningi.

Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki opinna svæða til sérstakra nota í sveitarfélaginu og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Í flokki opinna svæða í sveitarfélaginu eru m.a. golfvelli og tjaldsvæði:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
Ú1	Bjarkarlundur	Tjaldsvæði við Hótel Bjarkarlund. Stærð svæði 1,2 ha.	Bjarkarlundur

2.3.10 Óbyggð svæði

Markmið:

- h. Taka skal fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum.

Leiðir:

- o Lögð skal áhersla á uppbyggingu þeirra þjónustukerfa sem koma ferðaþjónustu að gagni, s.s. vegi, merkingu gönguleiða og uppbyggingu á áfangastöðum.
- o Í aðalskipulaginu eru gönguleiðir og hverfisverndarsvæði skilgreind.
- o Sveitarfélagið gerist aðili að "Vistvernd í verki".

Meiri hluti sveitarfélagsins er í flokknum óbyggð svæði en allt land ofan 200 m er skilgreint í þessum flokki. Á þessum svæðum eru helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu. Mörk landbúnaðarsvæða og opinna svæða er miðuð við 200 m hæð yfir sjávarmáli. Viðmiðunin er til einföldunar og er hún byggð á þeirri staðreynd að ræktun og búseta takmarkast í grófum dráttum við um 200 m y.s. Óbyggð svæði eru sýnd í ljósgrænum lit á skipulagsuppdrætti.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytja-skógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

Óbyggð svæði eru landsvæði sem eru í landbúnaðarnotkun þar sem beitar- og afréttarnot er megin landnotkun en svæði ofan afgirtra heimalanda eru auk þess einnig ætluð til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal vera í lágmarki á óbyggðum svæðum en er þar aðallega um að ræða reiðvegi og merktar gönguleiðir.

2.3.11 Landbúnaðarsvæði

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum. Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

Markmið:

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum til rekstrar.
- Stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar stoðgreina hans. Þannig verði stefnt að þróun hefðbundinna búgreina og hlunnindabúskapar í sátt við umhverfi sitt.
- Stuðlað verði að aukinni lífrænni ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum og nýjum búgreinum.
- Stuðlað verði að eflingu mjólkurframleiðslu á svæðinu.
- Stefnt að eflingu skógræktar á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.
- Gæta skal umhverfissjónarmiða við ný svæði fyrir skógrækt.

Leiðir:

- o Að landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- o Að bætt verði merking á lögbýlum, eyðibýlum og söguslóðum.
- o Að stutt verði við hlunnindabúskap í héraðinu með markvissri meindýraeyðingu.
- o Leitast verði eftir auknum ríkisframlögum til skógræktar.
- o Að markaðsmál verði tekin til endurskoðunar með því að markmiði að tryggja bændum viðunandi verð fyrir afurðir sínar.
- o Vörur af svæðinu verði markaðssettar með sérkennum svæðisins að leiðarljósi.
- o Kjöt af svæðinu verði markaðssett sem afurðir af sjúkdómalausum svæði.
- o Íbúar verði hvattir til að afla sér þekkingar um nýtingu jurta úr nágrenninu.
- o Gera skal gera úttekt á forminjum á viðkomandi nýjum skógræktarsvæðum og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- o Gera skal úttekt á náttúrfari áður en ný skógræktarsvæði eru gerð til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi eða tegundir á valista verði fyrir áhrifum framkvæmda.



Mynd 7. Norðan við höfnina á Stað.

Megin landnotkun á undirlendi Reykhólahrepps er landbúnaður, þar sem m.a. fer fram hefðbundinn landbúnaður s.s. sauðsfjarrækt, nautgriparækt og skógrækt. Í sveitarfélaginu eru landgæði ágæt og ber að viðhalda sauðsfjarrækt eins og kostur er. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt. Stöðu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja með öllum tiltækum ráðum.

Landgræðsla og skógrækt

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Skjólaskógaverkefnið verði að veruleika sem ný atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti.

Skógrækt á vegum Skjólaskóga er ný grein í landbúnaði á svæðinu. Markmiðið með Skjólaskógum er að gefa sem flestum tækifæri á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir. Með fjölnytjaskógrækt er við hvers konar skógrækt sem gefur af sér fjölbreyttar nýttjar eins og við, ber og sveppi, skjól og útivist, landslagsfegurð og margt fleira.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti; timburskógrækt, skjólbeltarækt og landbótaskógrækt.¹¹

Skógræktaráætlanir fyrir einstakar jarðir verða unnar samkvæmt þeim kröfum sem Skjól-skógaverkefnið gerir á hverjum tíma. Skjólaskógar skulu senda sveitarstjórn og Landbúnaðarráðuneyti afrit af skógræktarsamningi á milli skógarbónda og Skjólaskóga, eftir að honum verði hafi verið þinglýst. Áður en skógræktaráætlun er kynnt sveitarstjórn, skal leggja fram opinber gögn um fornleifar og náttúruminjar þannig að kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetumínum verði ekki spillt á því svæði sem áætlunin tekur til. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha eða meira á hverju býli til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna sem og landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum.. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir eru framkvæmdaleyfisskyldar ef þær eru háðar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

¹¹ Vefsíða Skjólaskóga, <http://www.skjolskogar.is>, 15.11.2003

Heiti jarðar	Stærð (ha)
Skógar	100
Miðjanes	13
Reykhólar	27
Mýrartunga II	61
Bær	40
Fremri Gufudalur	15,6
Garpsdalur	42
Skálanes	28

Tafla 1. Jarðir sem voru samningsbundnar Skjólsskógum 1. janúar 2008.

Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi sérgreind markmið:

- Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða á landbúnaðarsvæðum. Beita skal beitarstýringu samhliða uppgæðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjól-belarækt eftir því sem við á.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, svæða á náttúru-minjaskrá, friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum og friðlýstra fornminja skv. þjóðminjalögum sbr. [kafla 2.4.1.](#)
- Taka skal tillit til þekktra fornminja, sbr. [kafla 2.4.2.](#) Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. [kafla 2.4.1.](#) Hafa skal í huga að kennileitum í landslagi og jarðmyndunum verði ekki spillt.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri. Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á lögbýlum auk þeirra íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu nýta sömu heimreið og lögbýlið og vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar. Forðast skal stök hús á víðavangi. Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Þá er heimilt að byggja allt að 3 stök frístundahús á lögbýlum, þ.m.t. veiðihús, auk aðstöðu fyrir ferðaþjónustu og léttan iðnað, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Ferðapjónusta á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að veita almenna ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum s.s. „ferðapjónustu bænda“, gistingu og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðapjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að þriggja frístundahúsa á hverju lögbýli er heimil þar sem aðstæður leyfa og deiliskipulag hefur verið unnið en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum sem skilgreint er fyrir frístundabyggð. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa á hverju lögbýli, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðapjónustu, þ.e. hótél, gistiheimili og byggingar fyrir veitingarekstri, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1.500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

2.3.12 Vötn, ár og sjór

Vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar eru sýndir á skipulagsuppdráttunum. Einu breytingarnar á vatnsflötum stafa af hafnarframkvæmdum.

2.4 VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ

2.4.1 Náttúruverndarsvæði

Markmið:

- a. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

Leiðir:

- o Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að verndun fleiri svæða og/eða samtengingu svæða sem eru á náttúruminjaskrá annarra verndarsvæða.

Jarðmyndanir og vistgerðir

Samkvæmt 37.gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þau eru:

- i) Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- ii) Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- iii) Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.

iv) Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.

v) Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær verði kortlagðar. Skipulagsáætlunin er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á ákveðnum jarðmyndunum og vistkerfum. Samkvæmt 38 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum,

Breiðafjörður

Sérstök lög voru sett um vernd Breiðafjarðar árið 1995 (lög nr. 54/1995). Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Breiðafjarðarsvæðið á sér enga hliðstæðu hér á landi og sker sig úr sem langstærsti eyja- og skerjagarður landsins. Svæðið er einkum mikilvægt fyrir fjölbreytileika og grósku í fuglalífi, auk þess sem það er sérstætt fyrir gróðurfar (fitjar), landslag, jarðmyndanir og jarðhita. Í mörgum eyjanna eru auk þess menningarminjar um búsetu sem hafa sögulegt gildi.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð hefur verið unnin á vegum Breiðafjarðarnefndar í samræmi við 1 og 4. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og hlaut staðfestingu umhverfisráðherra 10. október 2001. Áætlunin nær til fimm ára og er framkvæmd hennar í höndum Breiðafjarðarnefndar, 1999).¹² Varðandi stefnu um verndaráætlun Breiðafjarðar er vísað í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Í Verndaráætluninni, kafla 3.1, eru eftirfarandi atriði talin upp sem langtíamarkmið er stuðla eigi að vernd Breiðafjarðar:

- Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
- Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
- Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
- Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
- Stuðla að rannsóknum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
- Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.¹³

¹² Heimasíða Umhverfisstofnunar, 23.03.2006

¹³ (Guðríður Þorvarðardóttir, 1999), Verndaráætlun Breiðafjarðar

Tilgangur með verndun svæðisins er einkum þessi:

- o *Stuðla að rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar, þ.m.t. nytjastofnum fugla, gróðurs og hvers konar sjávarfangs.*
- o *Tryggja verndun mikilvægustu náttúruminja Breiðafjarðar, með takmörkun á umferð um varp-tímann, reglum um mannvirkjagerð o.fl.*
- o *Renna styrkari stöðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda, sem styrkir árs-búsetu og þá sumarbyggð sem byggir á hlunnindanýtingu.*
- o *Búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu, án þess að spjöll hljóti af.*
- o *Tryggja verndun menningarverðmæta og samþætta hana ferðamennsku á þeim sviðum þar sem hagsmunir fara saman. Gerð verði úttekt á hvers konar menningarminjum sem eru mjög miklar á svæðinu.*

Strandsvæði eru sérstaklega áhugaverð til útivistar. Almenn ákvæði í náttúruverndarlögum og skipulags- og byggingarreglugerð eiga að standa vörð um almannarétt og setja ákveðnar skorður gagnvart mannvirkjagerð á strandsvæðum. Taka skal því tillit til annarra svæða sem njóta verndar skv. öðrum lögum eru friðlýst æðarvörp og arnarsetur á grundvelli laga nr. 64/1994 um verndun og friðun og veiðar á villtum fuglum og dýrum og villtum spendýrum og reglugerðar nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda og friðlýsinga æðarvarps. Móttaka ferðamanna verði í ákveðnum farvegi. Helstu móttöku-svæðin verði, auk Flateyjar, við strendur Breiðafjarðar fremur en í eyjunum sjálfum. Greiðar siglingar verði um fjörðinn með landingarástöðu fyrir smábáta..

Samkvæmt skipulagi þessu eru eyjarnar skilgreindar sem óbyggð svæði fyrir utan Skáleyjar, Svefneyjar, Sviðnur og Hvallátur sem skilgreindar eru að hluta til sem landbúnaðarsvæði. Heimilt er skv. skipulagslögum og reglugerð, og lögum um vernd Breiðafjarðar að stofna til framkvæmda sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum þar eða tengjast búrekstri, enda sé farið að fyrirætlum Verndaráætlunar Breiðafjarðar og lögum um náttúruvernd. Stefnt er að því að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi við leyfisveitingar til framkvæmda í Breiðafjarðareyjum.

- Þegar fjallað er um í hvaða eyjum er leyfilegt að byggja og hvar, þá er eðlilegt að skoða hvort þar hafi verið byggt áður og hvort um sé að ræða mannvirki tengd hefðbundnum hlunnindanytjum. Skoðun á byggingarsögu eyjanna ætti að vera forsenda framkvæmda og leiðbeinandi varðandi úrlausnir. Leggja ber áherslu á að byggja í anda þeirrar hefðar sem verið hefur í eyjunum. Samkvæmt 3 mgr. 6 gr. laga nr. 54/1195 um vernd Breiðafjarðar þá er bent á að framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

- Mikilvægt er að hönnuðir nýrra bygginga í Breiðafjarðareyjum leitist við að hanna hús sem hafa vísun í íslenska byggingararfleifð bæði hvað varðar efnisval og lausnir. Form, hlutföll og stærð bygginga eiga að taka mið af landinu sem byggt er í og sýna því tilhlýðilega nærgætni og virðingu. Mælt er með notkun efna sem hafa öðlast hefð í íslenskri byggingarsögu s.s. timbri, bárujárn og steypu.

Flatey

Stutt er síðan að í Flatey var blómlegt athafnalíf. Í Flatey hefur verið verslun frá því á miðöldum og hún er fræg fyrir handrit sem kennt er við hana (Flateyjarbók). Þó búseta hafi að mestu lagst af er eyjan töfrandi fyrir menningarminjar sínar. Þorpið í Flatey er eitt fárra slíkra þar sem svipmót gamla tímans hefur haldið sér. Náttúruvegur er mikil í eyinni og óvenju fjölskrúðugt fuglalíf. Austurhluti eyjarinnar var friðlýstur 1975 vegna fuglaverndunar og er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. ágúst.¹⁴ Um Flatey er nánar fjallað í kafla 3.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Öll umferð er óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði [Náttúruverndar ríkisins].
2. Bannað er að raska gróðri og trufla dýralíf á svæði þessu, bæði á landi og í fjöru. Þó skal ábúendum heimilt að nytja það æðarvarp, grasnytjar og önnur hefðbundin hlunnindi svo sem verið hefur. Ábúendum er og heimilt að gera þær ráðstafanir er heimilar eru í lögum til eflingar æðarvarpi, svo sem að bæjja frá vargi.
3. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi og í sjó innan svæðisins er háð leyfi [Náttúruverndar ríkisins].
4. Ábúendur annast vörslu svæðisins í umboði [Náttúruverndar ríkisins].

Hrísey

Grösug eyja úti fyrir Reykhólasveit. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí. Friðlýst 1977.

Svæði á náttúruminjaskrá

Á náttúruminjaskrá eru svæði sem er æskilegt að friðlýsa að mati Umhverfisstofnunar.

Nr. í skrá	Heiti svæðis
303	Borgarland (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi.

¹⁴ Heimasíða Umhverfisstofnunar, 23.03.2006

303	Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafríði (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Viðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.
304	Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.
332	Hergilsey 1) Eyjan öll. (2) Óbyggð eyja, fjölbreytt að landslagi, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.
333	Stagley (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf.
334	Klofningur við Flatey (1) Klofningur er rétt vestan við Flatey. (2) Sérstætt landslag og mikið fuglalíf.
335	Diskæðarsker (1) Eyjan tilheyrir Flateyjar-löndum. (2) Jarðfræðilega sérstæð eyja.
336	Langey við Flatey (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Eyja með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi.
337	Oddbjarnarsker (1) Lítil eyja um 11 km vestur af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki. Söguminjar.
338	Barmahlíð við Berufjörð (1) Hlíðin frá Hlíðarhálsi vestan megin við botn Berufjarðar, suður að Börmum. (2) Gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur.

2.4.2 Þjóðminjaverndarsvæði

Markmið

- Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.
- Í skógræktaráætlunum verði tekið tillit til fornminja og ekki plantað nær þekktum fornminjum en 20 m sbr. [kafla 2.3.10](#).

Leiðir:

- o Haldið verði áfram skráningu fornminja í Reykhólahreppi með sérstaka áherslu á framkvæmdasvæði.
- o Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þeim verði raskað.

Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði. Almennt má benda á að samkvæmt þjóðminjalögum eru tvö stig friðunar á fornleifum á Íslandi, annars vegar friðlýsing þar sem gefið er út sérstakt friðlýsingarskjal og friðlýsingunni þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð eða lóð og hins vegar

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr.107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulags-reglugerð).

fríðun á grundvelli aldursákvæðis þar sem ekki má hrófla við fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Fornleifaverndar ríkisins

Þjóðminjalög kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en skylt er að vinna deiliskipulag fyrir allar helstu framkvæmdir, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast mun fara fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. [kafla 2.3.10](#). Einnig eru stórframkvæmdir umhverfismatsskyldar sbr. [kafla 1.9](#), s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur og skal fornleifaskráning fara fram í tengslum við þá vinnu.

Hér er fjallað um tvo flokka þjóðminjaverndarsvæða sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989; (i) friðaðar og friðlýstar fornleifar og (ii) friðuð hús.

Friðlýstar fornleifar

Í þjóðminjalögunum segir að til fornleifa teljist „*hvers kyns leifar forna mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á*“. Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, t.d. eru kirkjur reistar fyrir 1918 friðlýstar skv. þjóðminjalögum.

Í töflu hér á eftir eru orðréttir friðlýsingartextar og Minjarnar eru taldar upp hér að neðan eftir jörðum og er orðrétt tilvísun í skrána sýnd með skálettri. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á landnotkunaruppdrætti, svo langt sem þær hafa verið staðsettar og mælikvarði korts leyfir. Með vissu eru minjar fleiri en taflan segir til um þar sem allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar samkvæmt lögum. Taflan og landnotkunaruppdráttur sýna þær sem eru skráðar og þar með þinglýstar í friðlýsingarskrá Fornleifaverndar ríkisins.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
p1	Bær í Króksfirði	Rúst eyðibýlisins Vellir, uppi í Bæjardal, á austurbakka lækjar, er rennur ofan þeim megin í dalnum. Þinglýst 1931.
p2	Hríshóll í Reykhólasveit	Naðardalsrústir, fornar seljarústir og bæjarrústir. Þinglýst 1931.
p3	Berufjörður í Reykhólasveit	Dysjaleifar fornar við Berufjarðarbotn. Þinglýst 1931
p4	Reykhólar á Reykjanesi	a. Grettislaug, svo nefnd, sunnan á túnhólum. b. Rústir Titlingsstaða, eyðibýlis skammt suðvestur frá Reykhólum. Þinglýst 1931
p5	Staður á Reykjanesi	Gamla kirkjan á Stað. Timburkirkja reist 1864
p6	Gröf í Þorskafirði	1. Rústir fornbæjarins Grímksstaða fast innan við Grímksstaðaá niðri undir sjó. Túnstæðið er milli Akranesmels og Grímksstaðaár og eru bæjarrústir innan túngarðsins. 2. Fornt akurgerði í Akraneshvamm milli Akraness og Grímksstaðaár. Þinglýst 1989
p7	Hlíð í Þorskafirði	a. Dysjar sex úti undir Stórahrauni, framan í barði á melbrún, rjett ofan við fjöruna. b. Haugur forn á Stekkjarnesi, bæjarmegin við mýrardrag, sem liggur eftir nesinu; - grasi gróinn hóll. Þinglýst 1931
p8	Hofsstaðir í Þorskafirði	a. "Hoftóft", svo nefnd, í túninu, á flöt vestur frá bænum. b. "Veizlusalstöft", er svo nefnist, skammt frá "hoftóftinni". c. "Hallshaugur", svo kallaður, lítill hóll, flatur að ofan, norðan við hinn forna túngarð. d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. e. Rauðdalsrúst; er hún í litlum dal, (Rauðsdal), milli Hofstaða og Berufjarðar. Þinglýst 1931.
p9	Hyrningsstaðir í Berufirði	Leifar fornra dysja við botninn á Berufirði. Þinglýst 1931
p10	Kollabúðir í Þorskafirði	Öll mannvirki á hinum forna Þorskafjarðarþingstað, sem er upp frá fjarðarbotninum. Þinglýst 1931
p11	Múli í Kollafirði	Kirkjugarður gamall og kirkjutóft á honum. Þinglýst 1936
p12	Skógar í Þorskafirði	Rústir Askmannsstaða í Seljadal, suðvestur frá Skógum. Þinglýst 1931.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Þ13	Hergilsey í Flateyjarlöndum	a. Hin forna Ingjaldsbæjarrúst; hún er að nokkru leyti að baki núverandi bæ. b. Ingjaldsbyrgi, er svo heitir; það er við hæð eina fyrir sunnan bæinn. c. "Fíflsgerði", svo nefnt, skammt frá Vaðsteinabergi. Þinglýst 1931.
Þ14	Svefneyjar á Breiðafirði	a. Forn girðing, er liggur í útsuður frá hól í túninu, er þinghóll heitir. 1.b. Akrar, svo nefndir, allstórt svæði suður frá túninu, við veginn. 1.c. Saltgrafir, heita, norðvestur frá bænum, við sjóinn. Þinglýst 1931

Friðuð hús

Í Reykhólahreppi eru sjö friðuð hús, þrjú þeirra eru í Flatey sjá kafla 3, skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga sem flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði

Nr.	Friðlýst hús	Lýsing
1	Staðarkirkja á Reykjanesi	Timburhús reist 1864. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
2	Gamla verslunarhúsið, Króksfjarðarnesi	Vantar lýsingu
3	Gufudalskirkja	Timburhús reist 1908. Höfundur Rögnvaldur Ólafssonarkitekt. Friðuð 1. Janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
4	Ranakofi í Svefneyjum	Torfhús talið endurreist eftir daga Eggerts Ólafssonar náttúrufræðings og skálds (d. 1768). Höfundur ókunnur. Friðaður 1. Janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1.mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989

VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

2.4.3 Verndarsvæði vegna neysluvatns

Markmið:

- a. Staðið verði vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.

Leiðir:

- o Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í 3 flokka; i) brunnsvæði, ii) grannsvæði og iii) fjarsvæði.

Flokkur I. Brunnsvæði


Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Brunnsvæði fyrir vatnsból Reykhóla eru tvö. Þau eru staðsett 1,6 km austan við Miðhúsahæð í gili við fót Barmahlíðar. Annað í um 70 m hæð með einum safnbrunni en hitt er í 57 m y.s. með vatnsmiðlun í tveimur tönkum. Brunnsvæðið er því sjálft lindarsvæðið ofan við gilið og austar afmarkast það af því svæði sem er innan girðingar.

Brunnsvæði fyrir Króksfjarðarnes er staðsett um 1 km austan við kaupfélagshúsið í Króksfjarðarnesi. Austan við svonefndan Hyrnumel í rúmlega 70 m y.s. og rétt ofan við veginn eru virkjaðar lindir sem koma undan jaðarhalla. Brunnsvæðið er því sjálft lindarsvæðið og afmarkast af því svæði sem er innan girðingar.¹⁵

¹⁵ Jón Reynir Sigurvinsson, verndarsvæði vatnsbóla í Reykhólahreppi, unnið fyrir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 2000.



Mynd 8. Vatnsverndarsvæði í Reykhólahreppi sýnd með ljósblárrí yfirstrikun.

Flokkur II. Grannsvæði

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Grannsvæði vatnsbólsins fyrir Reykhóla er fjallshlíðin ofan við og upp að fjallsbrún.

Grannsvæði vatnsbólsins fyrir Króksfjarðarnes er fjallshlíðin og gilið ofan við vatnsbólið.¹⁶

Flokkur III. Fjarsvæði

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til I. Og II flokks verndarsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í II. Flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Fjarsvæði vatnsbóla fyrir Reykhóla afmarkast af vatnaskilum milli Barmahlíðar og Hlíðardals. Þar upp á Reykjanesfjalli eru mörg vötn og er Grundarvatn þeirra stærst.

Fjarsvæði vatnsbólsins fyrir Króksfjarðarnes afmarkast af vatnaskilum á Neshyrnu eða fremsta hluta Króksfjarðarmúla.¹⁷

¹⁶ sama

¹⁷ sama

SKILGREINING VATNSGÆÐA OG FLOKKUN VATNS

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengun vatns nr. 796/1999. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).

2.4.4 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Markmið:

- a. Stefnt er að því að öll byggð í sveitarfélaginu verði með viðurkenndar rotþrær.

Leiðir:

- o Hagkvæm lausn verði fundin á frárennslismálum sveitarfélagsins í dreifbýli.
- o Stefnt er að því að Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram með tilliti til strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

2.4.5 Hverfisverndarsvæði

Markmið:

- a. Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- o Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu.
- o Í aðalskipulaginu hafa svæði og staðir verið skilgreindir sem hverfisverndarsvæði.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, (i) hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar og (ii) hverfisverndarsvæði vegna fornleifa.

Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Í dreifbýli Reykhólahrepps eru 3 svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsuppdraetti er tekið saman í töflum hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Nokkur mikilvæg votlendissvæði, heiðalönd og kjarrlendi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs landslags, fuglalífs, gróðurs og útivistargildis. Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- a. Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- b. Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- c. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- d. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir.
- e. Stefnt er að því að settar verði nánari verndar- og umgengnisreglur um fyrirhuguð fólkvangssvæði fyrir botni Berufjarðar (H1). Leitað verði samstarfs við hagsmunaaðila um þetta verkefni.

Nr.	Svæði	Lýsing
H1	Berufjörður, Barmahlíð og Vaðalfjöll	Samfellt útivistarsvæði frá byggðinni á Reykhólum, um Barmahlíð, undirlendi í Berufirði og Vaðalfjöll. Auk þess land Skóga niður í botn Þorskafjarðar. Á svæðinu er fjölbreytt náttúrufar og landslag, áhugavert útivistarsvæði árið um kring.
H2	Bæjarnes Svínanes	Samfellt útivistarsvæði á frá Kollafirði að Skálafirði. Um er að ræða tvo skaga Bæjarnes og Svínanes norður að Vestfjarðarvegi. Falleg strandsvæði og fjalllendi meðfram djúpum fjörðum. Svæðið einkennist af fjölbreyttu náttúrufari og landslagi og hefur mikið útivistargildi hvort sem er til náttúruskoðunar eða almennrar útivistar.
H3	Vattarfjall	Um er að ræða fjallendi frá Skálmardal í austri Skálafirði í suðri, Vattarfjall fjallendið uppfrá því. Svæðið myndar framhald af svæði sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. Kjálkafjörður, Kerlingafjörður og Skálmarnes. Svæðið einkennist af heiðalandslagi.

2.4.6 Svæði undir náttúruvá

Markmið:

- a. Þess verði gætt að íbúðarbyggð og sumarbústaðasvæði verði ekki skipulögð á hættusvæðum
- b. Metin verði þörf á endurbótum vegakerfis vegna ofanflóðahættu, þ.m.t. hugsanlegan flutning á vegarstæðum

Leiðir:

- o Spornað verði við landbroti af völdum sjávangangs með styrkingu og viðhaldi sjóvarnargarða.
- o Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 4.18, sem fjallar um *svæði undir náttúruvá* segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja. Svæði undir náttúruvá hafa ekki verið kortlögð í sveitarfélaginu.


Ekki hefur verið gerð úttekt á hættusvæðum í dreifbýli Reykhólahrepps en ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Reykhólahrepps og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (495/2007).

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó. Þau svæði sem eru í hættu vegna ágangs sjávar í Reykhólahreppi eru eftirfarandi:

- o Flatey. Sjór hefur brotið í tvö skörð í gamla sjóvörn sem er handhlaðinn úr grjóti. Á fyrri hluta skipulagstímans er áætluð sjóvörn til að hindra frekara brot (sjá kafla 3.7 um hafnarsvæði).¹⁸

¹⁸ Siglingastofnun Íslands, Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, desember 2004.



Mynd 9 Skipting Íslands í hönnunarhröðunar-
svæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.
Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.

Ofanflóð

Vitað er um að á ýmsum svæðum er nokkur hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Þekkt snjóflóðasvæði eru í bröttum hlíðum. Ljóst er að mörg snjóflóð hafa fallið í dreifbýli Reykhólahrepps og settur er því fyrirvari um gerð staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (nr. 49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð staðbundins hættumats (nr. 495/2007). Við gerð vinnslu nýs deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfi þarf í hvert og eitt sinn að meta hvort þörf sé á staðbundnu hættumati.

Hættusvæði eru skilgreind í þrjá flokka:

- Hættusvæði A er þar sem staðaráhætta* er 0,3 til 1 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði B er þar sem staðaráhætta er 1 til 3 af 10.000 á ári.
- Hættusvæði C er þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

* Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrku einbýlishúsi.

Jarðskjálftar og eldvirkni

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $a_g = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.

Skipulagssvæðið liggur utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og engin hættu er talin á eldvirkni.

Miltisbrandssvæði

Heimildir eru um þrjá staði í Reykhólahreppi þar sem talið er að skepnur sýktar af miltisbrandi hafi verið grafnar. Varúð skal viðhöfð við jarðvinnu þar sem grunur er um slíkt enda geta gró miltisbrands lifað óralengi í dvala í jarðvegi.¹⁹ Svæðin eru auðkennd á uppdrætti sem svæði undir náttúruvá. Samkvæmt upplýsingum eru heimildir um miltisbrand á eftirtöldum stöðum í Reykhólahreppi: Reykhólum árið 1882, Börmum árið 1900 og Gillastöðum á árabílinu 1900-1920

¹⁹ Sigurður Sigurðsson, 2008

Nr.	Svæði	Hnit
N1	Reykhólar	65°26'906 N, 22°12'313 V, 31,8 m yfir sjávarmáli.
N2	Barmar	65°28'454 N, 22°09'190 V, 54,4 m yfir sjávarmáli.
N3	Gillastaðir	65°31'507 N, 22°01'301 V, 55,7 m yfir sjávarmáli.

Aðrar náttúruhamfarir

Ekki er talin sérstök hættu á öðrum náttúruhamförum.

2.5 SAMGÖNGUR OG VEITUR

2.5.1 Vegir

VEGIR

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar þ.m.t. ólokinni vegagerð skv. úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Lýsing vegakerfisins er samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegir eru einungis sýndir til skýringar á skipulagsuppdrætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð.)

Markmið:

- Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar.

Leiðir:

- o Stuðlað verði að bættum samgöngum við nágrannabyggðalög til að stækka atvinnusvæðið og til að bæta möguleika svæðisins á sviði ferðaþjónustu.
- o Aukið verði öryggi vegfaranda á þjóðvegum. Sérstök áhersla er lögð á öruggari vegtengingar tengibrauta við Vestfjarðaveg.

Vegsamgöngur og tenging við nágrannabyggðalög er góð til suðurs í Dalina og tilkoma Arnkötludalsvegjar skapar góða tengingu við Strandirnar. Tenging í Vesturbyggð er aftur á móti síðri þar sem aka þarf fyrir marga firði og Klettsháls sem er oft erfiður að vetrarlagi.

Þjóðvegir á láglendi flokkast í stofnbrautir og tengibrautir. Safnvegum og einkavegum er ekki gerð sérstök skil í aðalskipulagi, en þeir helstu er sýndir til skýringar á skipulagsuppdrætti. Gönguleiðir á láglendi fylgja vegum og eru ekki auðkenndar sérstaklega, en fjallað er um helstu gönguleiðir ofan byggðar og á afrétti í [kafla 2.5.2.](#)

Stærð	Gildi	Tilvisun
Veghegunarsvæði stofnvega	30m til beggja hliða frá miðlinu	Vegaölg
Veghegunarsvæði tengivega	15m til beggja hliða frá miðlinu	Vegaölg
Veghegunarsvæði gatnamóta	Beinar línur milli punkta á miðlinu vega 40m frá skurðpunkti*	Vegaölg
Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga	35-55 dB**	Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005 **

*Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150m.

**Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir. Ný reglugerð er í vinnslu.

Mynd 10. Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu. (Heimild: Vegagerðin 2007)



Mynd 11. Fyrirhugað vegstæði Vestfjarðavegar um Teigsskóg.

Stofnvegir

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi vegakerfi Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu sem og samgönguáætlun sem gerð hefur verið til 2010 og þingsályktunartillögu til 2018. Á skipulagsuppráttum er auðkennt núverandi stofnvegakerfi og fyrirhugaðar breytingar á stofnvegum til loka skipulagstímabilsins skv. langtímaáætlun í vegamálum 2003-2014 og tillögum sveitarstjórnar. Í Reykhólahreppi eru eftirfarandi stofnvegir:

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
60	Vestfjarðavegur	Gilsfjörð um Þorskafjörð gert er ráð fyrir þverun Þorskafjarðar, Djúpaðar og Gufufjarðar, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes-sýslumörk – Skiptá.

Tengivegir

Vegnr.	Heiti vegar	Lýsing
602	Garpsdalsvegur	Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, um Garpsdal, að Steinadalsvegi í botni Gilsfjarðar.
605	Tröllatunguvegur	Af Vestfjarðavegi í Geiradal um Gautsdal
607	Reykhólasveitarvegur	Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni, út Barmahlíð, um Reykhóla, að Hamarlandi.
608	Þorskafjarðarvegur	Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni, yfir Þorskafjarðarheiði, á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
6009	Króksfjarðarnesvegur	Af Vestfjarðavegi á Króksfjarðarnesi, að Vogalandi.

Haldið verði áfram endurbótum tengivega almennt til þess að stytta vegalengdir og til að bæta samgöngur í Reykhólahreppi. Eftirfarandi tengibrautir eru í sveitarfélaginu:

Safnvegir og einkavegir

Helstu vegir í þessum flokki eru heimreiðar að einstökum bæjum og eru flestar þeirra sýndar á skipulagsupprætti. Vegir í þessum flokki eru ekki sýndir til staðfestingar heldur settir fram til skýringar á upprætti.

GÖNGULEIÐIR

Á skipulagsuppdætti eru einungis sýndar helstu gönguleiðir. Lega gönguleiða í dreifbýli er einungis til leiðbeiningar á skipulagsuppdætti. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

REIÐSTÍGAR

Á skipulagsuppdætti eru einungis sýndar helstu reiðleiðir. Að hluta til fylgja þær gömlum þjóðleiðum og þjóðvegum. Meginreiðstígar verða byggðir upp, en auk þeirra eru aðrar reiðleiðir sýndar til leiðbeiningar á skipulagsuppdætti. (Sjá einnig gr. 4.16 í skipulagsreglugerð).

2.5.2 Gönguleiðir

Markmið:

- a. Stuðlað verði að almennri útivist í Reykhólahreppi og stutt við uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- o Stefnit er að því að halda áfram merkingu gönguleiða í samstarfi við áhugamannafélög og aðila í ferðapjónustu.
- o Komið verði á skipulegum gönguferðum í sveitarfélaginu til að efla umhverfisfræðslu.

Margar fornar þjóðleiðir eru í sveitarfélaginu. Helstu gönguleiðir á Reykhólum og í Flatey eru sýndar á skipulagsuppdættum. Helstu gönguleiðir eru færðar inn á skipulagsuppdætt en lega getur verið ónákvæm vegna mælikvarða.

2.5.3 Reiðleiðir

Markmið:

- a. Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- b. Þess verði gætt að umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi og sögu- og náttúruminum.

Leiðir:

- o Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið.
- o Byggt verði upp skilvirkt reiðstígakerfi í samvinnu við Vegagerðina og hestamannafélög.

Meginreiðstígar tengja saman byggð og heiðalönd, en eru jafnframt reiðleiðir milli byggða innan héraðsins. Margar þessara leiða eru mikið notaðar, bæði í atvinnuskyni og til almennrar útivistar. Nýjar reiðleiðir hafa verið skilgreindar í samvinnu við landeigendur, Hestamannafélög á svæðinu, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila. Auk meginreiðstíga eru ýmsar aðrar reiðleiðir sem eru einungis sýndar til leiðbeiningar á skipulagsuppdætti. Margar þessara leiða eru einungis færar hluta úr ári og sum staðar þarf að hafa samráð við landeigendur um notkun þeirra.

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

2.5.4 Vatnsveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að öll byggð í Reykhólahreppi njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

- o Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar*
- o Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

Áætlunin skilgreinir ekki verndarsvæði vatnsbóla einstakra jarða í dreifbýli.

2.5.5 Hitaveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í Reykhólahreppi njóti hitaveitu.

Leiðir:

- b. *Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til hita upp húsnæði sem víðast í Reykhólahreppi.*

2.5.6 Fráveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að öll byggð í Reykhólahreppi verði tengd viðurkenndum rotþróum á næstu árum.

Leiðir:

- o Hagkvæm lausn verði fundin á frárennismálum sveitarfélagsins í dreifbýli..*
- o Landeigendur verði hvattir til að koma upp rótþróum við þau íbúðarhús, þar sem engar rotþrær eru. Þetta verður gert í samráði við fagaðila og sameiginlegt útboð verði gert á vinnu og efni, til að ná niður kostnaði.*

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

Staða fráveitumála í dreifbýli Reykhólahrepps er almennt ekki góð og samkvæmt úttekt gerð á vegum heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, kom í ljós að ástand fráveitumála var slæmt á 13 bæjum þar sem frárennsli fór beint í læk eða skurð.

2.5.7 Rafveita

Markmið:

a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Leiðir:

- o Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli.
- o Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir 33 kV og með lægri spennu verði settar í jörð.

Orkubú Vestfjarða er dreifiaðili raforku í sveitarfélaginu. Allir bæir eru tengdir dreifikerfi Orkubús Vestfjarða. Spennistöð er í Geiradal. Á skipulagsupprætti eru 66-132 kV línur sýndar. Samkvæmt reglugerð 586/2004 skal tilgreina lágmarksfjarlægðir háspennulína til annarra mannvirkja sem og opinna svæða til sérstakra nota. Ræktun hávaxinna plöntutegunda innan helgunarsvæðis er óæskileg og skal eftirfarandi regla gilda um fjarlægð trjáa frá háspennulínum. Fjarlægðin miðast við að hún sé hæð fullvaxinna trjáa sinnum 1,5. Reglugerðin vísar til íslenskra staðla sem ákvarða m.a. helgunarsvæði meðfram háspennulínum þar sem ekki er heimilt að reisa nein mannvirki á. Við framkvæmdir og við skipulag nýrra svæða skal gera ráð fyrir eftirfarandi helgunarsvæði (byggingarbann) háspennulína:

- 66 kV línur 25 m.
- 132 kV 35-45 m.
- 220 kV 65-85 m.

Heiti línu	Lýsing
Mjólkárhlína, 132 kV	Línan liggur frá Geiradal að Mjólkárhlínu í Arnarfirði.

FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

2.5.8 Fjarskipti**Markmið:**

- a. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að aukinni þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- b. Unnið verði að því að koma á öruggu farsímasambandi í Reykhólahreppi.

Leiðir:

- o Áframhaldandi uppbygging háhraðanets í sveitarfélaginu.
- o Fjölgun senda fyrir farsíma í sveitarfélaginu.

Endurvarpstöðvar og sendar eru heimilaðar á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum eða almennt þar sem þurfa þykir. Endurvarpsstöðvar útvarps og sjónvarps eru á símstöðinni á Reykhólum og á Reykjanesi. Ljósleiðari Símans er sýndur á sveitarfélagsupprætti. Ljósleiðaratenging er á Reykhólum sem m.a. hafa gefið möguleika á fjarkennslu.

3 ÞÉTTBÝLIÐ Á REYKHÓLUM OG FLATEY

3.1 INNGANGUR

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um þéttleika byggðar á landnotkunarsvæðum. Meginmarkmið aðalskipulagsins eru talin upp í [kafla 2.3.1](#). Markmiðin eiga einnig við fyrir dreifbýli Reykhólahrepps en áherslur eru mismunandi.

3.2 ÍBÚÐARSVÆÐI

Markmið:

- Stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar, einkum við, Hellisbraut og Reykjabraut.
- Íbúðarbyggð þróist til norðurs og verði í góðum tengslum við miðlæg þjónustu- og útivistarsvæði.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði íbúðagerða og lóða.

Í stefnumörkun þessa aðalskipulags er gert ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 12 og fleiri íbúðir verða á ha. Á þeim svæðum sem teljast til framtíðar íbúðarsvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:


Húsagerðir	íbúðir / ha	nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0,20 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6
Sambylishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,50 - 0,8

Landþörf og þéttleiki byggðar


Samkvæmt nýjum skipulagslögum er ekki gert ráð fyrir að sýna landnotkun eftir að skipulagstímabilinu lýkur og eru slík svæði skv. aðalskipulagi því ekki sýnd. Á mynd 12 eru aftur á móti sýndir möguleikar á svæðum fyrir íbúðarbyggð sem geta nýst eftir skipulagstímann. Markmiðið með því er að sýna hvaða svæði eru ákjósanleg fyrir íbúðarbyggð og til að fyrirbyggja að þessi svæði verði tekin undir aðra landnotkun í framtíðinni.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi, s.s. verslun, hreinlegum iðnaði og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né draga að sér óeðlilega mikla umferð.



Mynd 12. Svæði fyrir íbúðabyggð á Reykhólum.



Núverandi þéttleiki á þegar byggðum svæðum er um 6-7 íbúðir/ha. Miðaðast skal við að halda í byggðamynstur á núverandi svæðum fyrir íbúðarbyggð þannig að þéttleiki verði áfram 6-7 íbúðir/ha, þ.e. lágreist sérbýlishúsa- eða parhúsabyggð með allt að 900 m² lóðum. Þannig eru u.þ.b. 24-27 lóðir óbyggðar við Hellisbraut og Reykjabraut. Sé miðað við 1% árlega fjölgun íbúa verður framreiknaður íbúa-fjöldi á Reykhólum árið 2018 á bilinu 270-310 íbúar. (var 266 1. janúar 2008). Því er þörf fyrir 1-2 íbúðir á ári sem gera 12-24 íbúðir í lok skipulagstímabilsins.

Götur	Þegar byggt	Óbyggðar lóðir
Hellisbraut	20	18-20
Reykjabraut	10	6-7
Samtals	30	24-27

Ný íbúðarsvæði

Eins og fram kom í byrjun kaflar þá eru ný svæði fyrir íbúðarbyggð sýnd á skýringarmynd hér til hliðar. Miðað skal við að þéttleiki á nýjum svæðum verði ekki minni en 10-12 íbúðir/ha þá eru hægt að koma fyrir a.m.k. um 35-41 lóðum svæðum A og B: Gert er ráð fyrir að á þessum svæðum verði haldið í núverandi byggðamynstur lágreistar byggðar með blöndu af einbýlishúsum og parhúsum. Á svæði B er gert ráð fyrir minni þéttleika vegna nálægðar við hverasvæði og taka skal tillit til þess við gerð deiliskipulags af svæðinu.

Ný svæði	Stærð í ha	Fjöldi lóða
Svæði vestan Karlseyjarveggar A	2,1	21-25
Svæði við Hvanngarðabrekku B	2,1	14-16
Samtals	4,7 ha	35-41

3.3 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR


Markmið:

- a. Grunnskóla- og leikskólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðahverfi og nýtist þannig sem útivistarsvæði. Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg öllum íbúum.
- c. Stuðlað verði að bættri þjónustu heilsugæslustöðvarinnar og dvalarheimilisins Barmahlíðar. Áfram verði góðar aðstæður til að ala upp börn og unglinga í sveitarfélaginu. *Leiðir:*
 - o Öruggar gönguleiðir og bætt aðgengi verði að þjónustustofnunum.
 - o Tónlistarskóli verði endurreistur á staðnum fyrir börn og unglinga.

Á skipulagsupprætti fá svæði fyrir þjónustustofnanir appelsínugulan lit. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki þjónustustofnana og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Eftirtalin svæði fyrir þjónustustofnanir eru á Reykhólum:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S1	Hreppsskrifstofur	Hreppsskrifstofur Reykhólahrepps, stærð lóðar 0,09 ha.
S2/V2	Safnasvæði	Hlunnindasýning, geymsla og bátasafn, stærð lóðar um 0,9 ha.
S3	Barmahlíð	Hjúkrunar- og dvalarheimili, stærð lóðar er um 1,7 ha.
S4	Kirkja	Reykhólakirkja, stærð lóðar er um 0,3 ha
S5	Heilsugæslulóð	Heilsugæsla, stærð lóðar er um 0,15 ha.
S6	Skólalóð	Reykhólaskóli og leikskólinn Hólabær, stærð lóðar er um 2,1 ha.
S7	Grettislaug	Sundlaugarsvæðið, stærð lóðar er um 0,5 ha.



Mynd 13. Barmahlíð.

Eftirtalin svæði eru skilgreind sem svæði fyrir þjónustustofnanir í Flatey eru:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
S6	Flateyjarkirkja í Flatey og bókhlaða	Kirkjan í Flatey var byggð árið 1926, hún er steinsteypt og skreytt loftmyndum og altaristöflu eftir Baltasar. Bókhlaðan í Flatey sem er timburhús reist 1864. Stærð svæðis 0,6 ha.

3.4 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á að gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum..
- Kannaðir verði möguleikar á uppbyggingu heilsuhótels á Reykhólum sem nýtur góðs af jarðhita og nálægt við sjó.

Leiðir:

- o Gefið er eðlilegt svigrúm fyrir þróun á núverandi verslunar- og þjónustustarfsemi.
- o Bjóða aðstöðu t.d. með uppbyggingu frístundabyggð sem laðar að ferðamenn.
- o Með uppbyggingu frístundabyggðar og verslun og þjónustu er ætlunin að laða að ferðamenn.
- o Unnið verði að því að efla hlunnindasýninguna á Reykhólum.

Á skipulagsupprætti fær verslunar- og þjónustusvæði gulan lit. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki verslunar og þjónustusvæða og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagsbyggingarlaga og skipulagsreglugerðar. Eftirfarandi svæði á Reykhólum eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Álftaland	Gistiheimilið Álftaland. Stærð lóðar, 0,8 ha.
V2/S2	Safnasvæði	Sameiginleg verslunar- og þjónustulóð. Stærð lóðar 0,9 ha.
V3	Heilsuhótel	Gert er ráð fyrir um 300 fm húsi á 2 ha lóð.

Nýtingarhlutfall á verslunar- og þjónustusvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,2-0,6.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal einkum gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, m.a. ferðaþjónustu. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.5 í skipulagsreglugerð)

Eitt svæði er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í Flatey.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
V1	Þorpið	Hótel og veitingahús. Stærð lóðar 0,05 ha.

ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.



Mynd 14. Athafnasvæði á Reykhólum

3.5 ATHAFNASVÆÐI

Markmið:

- Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum góðar umhverfisaðstæður.

Leiðir:

- o Fjölbreytt framboð athafnalóða er fyrir mismunandi fyrirtæki.
- o Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Athafnasvæði eru sýnd með ljósgráum lit. Á Reykhólum eru stærstu sameiginlegu athafnasvæðin vestan Karlseyjarvegs. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki athafnasvæða og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Athafnasvæði vestan Barmahlíðar	Stærð lóðar 0,3 ha.
A2	Athafnasvæði við Suðurbraut	Stærð lóðar 4,6 ha.
A3	Athafnasvæði við Karlseyjarveg	Stærð lóðar 1,1 ha.

Eitt athafnasvæði er skilgreint í Flatey. Nýtingarhlutfall á athafnasvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,3 - 0,6.

Nr	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Tröllendi	Svæði fyrir atvinnu- og þjónustustarfsemi. Stærð lóðar 0,7 ha.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun, í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Svæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð)

3.6 IÐNAÐARSVÆÐI

Markmið:

- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi.
- Iðnaður verði eflður í sveitarfélaginu.

Leiðir:

- o *Lögð er áhersla á að gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum, m.a. til að nýta tækifæri sem tengjast sérstöðu svæðisins*
- o *Hafin verði markviss leit að iðnfyrirtækjum sem hægt væri að koma á fót á svæðinu eða kaupa og flytja á svæðið.*
- o *Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.*
- o *Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.*
- o *Að fullvinna afurðir sem nýtt er af svæðinu.*

Iðnaðarsvæðin eru sýnd sem dökkgráum lit. Á Reykhólum er eitt iðnaðarsvæði við höfnina..

Eftirfarandi svæði á Reykhólum eru skilgreind sem iðnaðarsvæði: Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki iðnaðarsvæða og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulags- byggingarlaga og skipulagsreglugerðar.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
I1	Þörungaverksmiðjan	Á lóðinni er húsnæði Þörungaverksmiðjunnar og þar er einnig gert ráð fyrir möguleika á skeldýraeldi . Stærð svæðis er um 2,8 ha.
I2	Eldisstöð	Gert er ráð fyrir iðnaðarlóð fyrir sæeyrnaeldi á um 0,5 ha lóð.

HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og viðgerðum. (Sjá einnig gr. 4.8 í skipulagsreglugerð).

3.7 HAFNARSVÆÐI

Markmið:

a. Stuðlað verði að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs.

Leiðir:

- o Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.
- o Fullvinnsla sjávarafurða verði stórlega eflað.
- o Að lækka flutningskostnað með því að lækka álögur hins opinbera á flutningastarfsemi.
- o Að lækka raforkukostnað atvinnufyrirtækja.

Eitt samfellt hafnarsvæði er á Reykhólum sem tengist Þörungaverksmiðjunni og er það táknað með dökkbláum lit og númeri á skipulagsupprætti. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki hafnarsvæða og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagsbyggingarlaga og skipulagsreglugerðar.


Eftirfarandi framkvæmdir eru ráðgerðar á höfnum á skipulagstímanum 2006-2018. Um er að ræða framkvæmdir á fyrrihluta skipulagstímabilsins þ.e. 2007-2010. Höfnin á Reykhólum verði dýpkuð í -4 m og innan garðs í -2 m (gröftur, um 20.000 m³) og innsigling verði 40 m breið. Nýr grjótnargarður norðaustan við höfnina, lengd u.þ.b. 200 m (18.000 m³). Gert ráð fyrir smábátastöðu, (flotbryggja 20 m). Viðhaldsdýpkun í höfn og innsiglingu (áætlaðir efnisfl. um 1 þús. m³/ár).²⁰

Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðum skal almennt vera að meðaltali um 0,1-0,5.

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Reykhóla-höfn	Bryggjukantar: 90 m Mesta dýpi við kant 4 m á 43 m kafla. lónaðarhöfn. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum. Bryggja óvarin fyrir öldu. ²¹ Stærð svæðis 1 ha.

²⁰ Samgönguáætlun 2007-2010.

²¹ Heimasíða Siglingastofnunar Íslands, www.sigling.is 10. apríl 2008.



Mynd 15. Fyrirhuguð stækkun bryggju í Flatey.
Heimild: Siglingastofnun Íslands.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsasvæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).

Eitt svæði er skilgreint sem hafnarsvæði í Flatey

Nr.	Heiti	Lýsing
H1	Flatey	Ferjubryggja. Tillaga liggur fyrir um stækkun hafnarinnar í Flatey. Um er að ræða stækkun til norðurs og austurs til að skapa betri skilyrði fyrir ferjuflutninga. ²²
H2	Flatey	Bátavör við Teinæringsvog

3.8 SVÆÐI UNDIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Markmið

- Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Ný sumarhúsasvæði eru deiliskipulagsskyld og stærð og þéttleiki nýrra svæða skal kveðið á um í deiliskipulagi. Frekari uppbygging á eldri frístundabyggðarsvæðum verður háð því skilyrði að hún verði í samræmi við skipulag.


Leiðir:

- o Áður en deiliskipulagsvinna hefst skal gera úttekt á fornminjum á viðkomandi svæði og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.
- o Á nýjum svæðum eru lóðir jafnan stærri en 0,25 ha en að öðru leyti skal kveðið á um þéttleika byggðar í deiliskipulagi..

Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með ljósfjólubláum lit og eru aðeins sýnd þau svæði þar sem gert er ráð fyrir 4 eða fleirum húsum á samfelldu svæði innan sömu jarðar. Öll veiðihús og orlofshúsabyggð eru felld undir frístundabyggð og auðkennd á sveitarfélagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að 3 frístundahús án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Skipulagið nær til þegar byggðra svæða og nokkurra sem enn eru óbyggð. Í sveitarfélaginu eru á sjöunda tug sumarhúsa auk veiðihúss. Í flestum tilvikum er um að ræða einstök hús inn á jörðum í einkaeign.

Í töflu hér á eftir er yfirlit yfir frístundabyggðarsvæði. Svæði sem eru auðkennd með hringtáknri á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Tilgreindar eru stærðir lóða og svæða, auk þess er tilgreint hvaða lóðir og svæði hafa fengið deiliskipulagslega meðferð. Skipulagsáætlunin sýnir frístundabyggð með fjólubláum lit. Á þemauppdrætti í viðauka eru sýnd frístundabyggðarsvæði í sveitarfélaginu auk einstakara bústaða.

²² Siglingastofnun Íslands.



Mynd 16. Svæði fyrir frístundabyggð á Reykhólum.




Mynd 17. Frá Flatey. Grýluvogur í forgrunni. Ljósmynd Guðmundur L. Hafsteinsson.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Svæði norðan Langavatns	3,1 ha svæði fyrir um 6-12 sumarhús á 0,5-1 ha lóðum.

Forsendur og takmarkanir fyrir frekari uppbyggingu á frístundabyggð í Flatey er að málefni vatnsveitu og frárennismála verði komið í lag eins og gert er ráð fyrir í markmiðum um vatnsveitu í kafla 3.16.3 og fráveitu kafla 3.16.2 eru eftirfarandi svæði skilgreind sem svæði undir frístundabyggð:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F1	Þorpið	Á svæðinu er gert ráð fyrir 2 nýjum húsum sem eiga að fylla upp í skörð í götumyndinni. Stærð svæðis er 3,4 ha. Nýtingarlutfall og yfirbragð byggðar er skilgreint í gildandi deiliskipulagi. Afmörkun svæðis er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Flateyjar á Breiðafirði 1990-2010 sem var staðfest 28.02.1992 og í samræmi við deiliskipulag fyrir Þorpið í Flatey samþykkt í maí 1993
F2	Vesturbúðir	Svæði er fullbyggt. Stærð svæðis er 0,2 ha.
F3	Innri-Tröllendi	Á svæðinu er gert ráð fyrir um 6 lóðum, þar af eru tvær byggðar. Stærð svæðis er 0,7 ha. Sérstakir skilmálar verða skilgreindir í deiliskipulagi um útlit og yfirbragð sem tekur mið af eldri húsunum í Flatey.



3.9 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mann-virkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulags-reglugerð).

Markmið:

- Bæjarbúum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til leikja og tómstundastarfs.
- Aukin áhersla verði lögð á vistlegt umhverfi og trjárækt innan þéttbýlisins til skjólmyndunar og fegrunar.

Leiðir:

- Haldið verði áfram uppbyggingu íþróttasvæðis á Reykhólum sem og annarra opinna svæða.

Stærstu opnu svæðin til sérstakra nota eru Hvanngarðabrekka og hesthúsasvæðið. Önnur svæði eru afmörkuð svæði innan byggðar eru tjaldsvæði og kirkjugarður. Lýsing á starfsemi á einstökum svæðum er

samkvæmt núverandi notkun. Hér á eftir er yfirlit yfir staði í flokki opinna svæða til sérstakra nota og tilgreint er hverskonar starfsemi fer fram í þeim í dag sem ekki er bindandi umfram ákvæði skipulagsbyggingarlaga og skipulagsreglugerðar.:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Trjálundur	Trjálundur til að marka aðkomu inn í þéttbýlið. Stærð svæðis 0,5 ha.
Ú2	Kirkjugarður	Kirkjugarður, stærð svæðis 0,3 ha
Ú3	Hvanngarðabrekka	Stærð svæðis 2,2 ha.
Ú4	Kúatjörn	Stærð svæðis 0,7 ha.
Ú5	Garður við kirkju	Stærð svæðis 0,5 ha.
Ú6	Tjaldsvæði	Tjaldsvæði, stærð svæðis er um 0,9 ha.
Ú7	Hesthúsa-svæði	Hesthús, stærð svæðis 2,8 ha.
Ú8	Ylströnd	Gert er ráð fyrir ylströnd í skerjagarði vestan Karlseyjarveggar með tilheyrandi aðstöðu. Stefnt er að því að nýta heitt affallsvatn frá Þörungaverksmiðjunni í ylströndina og yrði leiðslan staðsett meðfram núverandi heitavatnsleiðslu. Stærð svæðis 0,3 ha.

Fyrir Flatey eru eftirfarandi svæði skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Ú1	Krákuvör	Tjaldsvæði á túni suðvestur af Krákuvör. Stærð svæðis 0,3 ha.
Ú2	Kirkjugarður	Kirkjugarður, stærð svæðis 0,2 ha

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

3.10 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Markmið:

a. Unnið verði að því að nýta sem best útivistarmöguleika sem nágrenni Reykhóla býður upp á.

Leiðir:

- o Unnið verði að áætlunum um skógrækt.
- o Gönguleiðarkerfi skv. tillögum í aðalskipulagi verði byggt upp.

Byggðin á Reykhólum er umlukin opnum svæðum sem eru áhugaverð til ræktunar og útivistariðkunar. Almennigur á greiðan aðgang að strönd Reykhólasveitar. Samkvæmt skipulagslögum þá er ekki neinn landnotkunarflokkur sem nær til almennra útivistarsvæða og því eru slík svæði skilgreind hér sem óbyggð svæði. Hér er um að ræða öll opin svæði innan byggðarinnar og í næsta nágrenni hennar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota.

Sömu markmið gilda fyrir óbyggð svæði í Flatey eins og fyrir þéttbýlið á Reykhólum til þess að tryggja sem bestan aðgang almennings sem greiðastan aðgang um eyrna skv. skilgreindu gönguleiðarkerfi sem sýnt er á þéttbýlisupprætti fyrir Flatey.

3.11 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Sömu markmið gilda fyrir landbúnaðarsvæði innan þéttbýlis á Reykhólum og Flatey eins og lýst er í [kafla 2.3.10](#) en tvö svæði eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði á Reykhólum eitt í landi Álfталands og annað sunnan Mávatúns. Í Flatey eru nokkur svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

3.12 ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Sömu markmið gilda um þjóðminjaverndarsvæði eins og lýst er í [kafla 2.4.2](#). Í Flatey eru eftirfarandi þjóðminjaverndarsvæði skilgreind:

Friðlýstar fornleifar í Flatey

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Þ15	Flatey á Breiðafirði	1) a. Hin forna klausturtóft, sem er efst og austast í Flateygartúni

Friðuð hús í Flatey

Nr.	Friðlýst hús	Lýsing
1	Bókhlaðan í Flatey	Timburhús reist 1864. Friðuð í A-flokki af menntamálaráðherra 2. apríl 1975 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969..
2	Klausturhólar Flatey	Timburhús flutt inn tilsníðið frá Noregi og reist 1901. Það var friðað í A-flokki af menntamálaráðherra 11. febrúar 1976 samkvæmt 1. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.
3	Félagshús í Flatey	Tvö sambyggð timburhús, Gunnlaugshús og Benediktshús. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

3.13 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Sömu markmið gilda um hverfisvernd eins og skilgreint er í [kafla 2.4.5](#). Eitt hverfisverndarsvæði er skilgreint í þéttbýlishluta Reykhólahrepps en það er í Flatey en gerð er tillaga um að hverfisvernda Þorpið og aðliggjandi svæði.

Nr.	Svæði	Lýsing
H1	Þorpið og aðliggjandi svæði	Innan svæðisins er Þorpið, aðliggjandi mýrar og strönd og svæðið umhverfis kirkjuna.



Mynd 19. Bókhlaðan í Flatey. Ljósmynd Guðmundur L. Hafsteinsson.

H1 Þorpið og aðliggjandi svæði

Þorpið býr yfir sérstökum gæðum sem eru bundin umhverfi húsanna, þorpinu sem heild og einstökum húsum, sem hvergi eru ennþá til staðar í sama mæli á landinu. Um er að ræða þyrpingu um 40 gamalla timburhúsa sem mynda fjölbreytt bæjarmynstur. Norðan og austan þorpsins er strandsvæði með bryggjum, görðum og vörum s.s. Silfurgarður, Stórigarður og Eyjólfsbryggja sem eru merkir minnisvarðar um tilraunir í hafnarbótum við Flatey. Á strandsvæðinu er auk þess fjölbreytt fuglalíf. Innan svæðisins og í jaðri þess eru mýrarnar; Skansmýri, Innstabæjarmýri og Brekkubæjarmýri sem hafa takmarkað byggðapróunina og eru ekki framræstar. Suðurhluti hverfisverndaða svæðisins nær yfir kirkjuna, kirkjugarðinn og Klausturhóla þar sem talið er að landnámsbærinn hafi staðið.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- f. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- g. Fylgja skal skilmálum í fyrirliggjandi deiliskipulagi fyrir þorpið þar sem markmið eru sett fram um að styrkja þorpsmyndina eftir því sem kostur er og stuðla að verndun og viðhaldi einstakra húsa sem og þorpsins sem heild.
- h. Leyfilegt er að reisa tvö ný hús á lóðum þar sem áður stóðu hús og skulu þau falla að þeirri byggð sem fyrir er hvað varðar útlit og yfirbragð.
- i. Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.

3.14 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Sömu markmið gilda fyrir svæði undir náttúruvá eins og skilgreint er í [kafla 2.4.6](#).

Flóðasvæði

Ágangur af völdum sjávar er einkum á svæðum sem standa lágt við sjó. Þau svæði sem eru í hættu vegna ágangs sjávar í Reykhólahreppi eru eftirfarandi:

- o Flatey. Sjór hefur brotið í tvö skörð í gamla sjóvörn sem er handhlaðinn úr grjóti. Á fyrri hluta skipulagstímans er áætluð sjóvörn til að hindra frekara brot.²³

²³ Siglingastofnun Íslands, Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, desember 2004.


3.15 SAMGÖNGUR

Markmið:

- a. Lögð skal áhersla á heilsteyppt umferðarkerfi sem tengir íbúða- og atvinnuhverfi saman á skilvirkan og öruggan hátt.

Leiðir:

- o Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.
- o Hugað verði sérstaklega að göngu- og hjólréiðastígum með það að leiðarljósi að þeir tengist atvinnu- og útivistarsvæðum.
- o Umferðaröryggi gangandi vegfarenda verði bætt með hraðatakmarkandi aðgerðum.



Mynd 20. Umferðarspá um Karlseyjarveg 2006-2045.

Flokkun gatnakerfis þorpsins miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnbrautir, tengibrautir, safngötur og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnbrautum og tengibrautum á skipulagsupprætti. Safngötur og húsagötur eru teknar saman undir samheitinu „aðrar götur“ og eru einungis sýndar til skýringar á upprætti. Samkvæmt umferðartölum frá Vegagerðinni frá árinu 2000 til 2006 þá hefur árdagsumferð um Karlseyjarveg aukist um 44% eða frá því að vera 158 bílar á dag árið 2000 í það að vera 229 bílar á dag árið 2006. Er þá miðað við árdagsumferð sem er meðaltalsumferð á dag yfir árið. Búast má við aukinni umferð miðað við umferðarspár Vegagerðarinnar á þjóðvegum landsins með auknum ferðamannastraumi, íbúafjölda og aukinni bílæign á skipulagstímanum en sú spá gerir ráð fyrir 1-2% árlega umferðaraukningu.²⁴

Hávaðamæling hefur ekki verið gerð enda uppfylla umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði *reglugerðar um hávaða nr. 933/1999*, um það að gerð skuli hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári (og að gerð slíks korts skuli vera lokið eigi síðar en 30 júní 2012). Sé miðað við að árleg aukning sé um 2% ári þá mun umferð á þessu svæði vera í kringum 184 þúsund bifreiða árið 2045.

Stofnvegir

Engin stofnvegur er innan þéttbýlis á Reykhólum.

Tengivegir

Tengivegir innan þéttbýlis á Reykhólum er Reykhólasveitarvegur (607).

²⁴ Vegagerðin 2008.

HITAVEITA

Til hitaveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

FRÁVEITA

Til fráveitu teljast rotprær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

3.16 VEITUR**3.16.1 Hitaveita**

Markmið:

c. Stefnt er að því að sem stærstu hluti byggðar í Reykhólahreppi njóti hitaveitu.

Leiðir:

- o Haldið verði áfram rannsóknum og möguleikum á að nýta jarðhita til að hita upp húsnæði sem víðast á Reykhólum.

Jarðhiti er nýttur á Reykhólum til að hita upp sundlaug og allt húsnæði.

3.16.2 Fráveita

Markmið:

- a. Stefnt er að því að ástand fráveitumála verði til fyrirmyndar.
- b. Gera þarf bætur á frárennsliskerfi á Reykhólum og Flatey, aðskilja frárennsli frá heitu vatni og tryggja að rotprærnar virki sem skyldi.
- c. Í nýjum hverfum verði tvöfalt frárennsliskerfi.

Leiðir:

- o Hagkvæm lausn verði fundin á frárennslismálum sveitarfélagsins í dreifbýli..

VATNSVEITA

Til vatnsveitu teljast stofnkerfi veitunnar, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

RAFVEITA

Til rafveitna telst stofnkerfi veitnanna, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi ásamt helgunarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

3.16.3 Vatnsveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að öll byggð í Reykhólum og Flatey njóti nægjanlegs og góðs neysluvatns.

Leiðir:

- o Sveitarstjórn vinni markvisst að auka við þjónustu vatnsveitunnar*
- o Sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætur ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

3.16.4 Rafveita**Markmið:**

- a. Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðasta verði.

Leiðir:

- o Gert er ráð fyrir að allar nýlagnir 33 kV og með lægri spennu verði settar í jörð.*

Byggð í Reykhólum er tengt stofnæðakerfi.

4 HEIMILDIR

Ritaðar heimildir:

Alþingi 1997: Skipulags- og byggingarlög m.s.b. Stjórnartíðindi A, nr. 73/1997, 23 bls.

Atvinnuþróunarfélag Vestjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða 2004: ...náttúrufegurð, kyrrð, gott mannlíf og blómstrandi, 36 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 1999: Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum, 42 bls.

Byggðastofnun 2001: Byggðarlög í sókn og vörn, Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi, 188 bls.

Ferðamálaráð Íslands 2002: Auðlindin Ísland, 56 bls.

Félagsmálaráðuneytið 2005: Lokatillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga, 63 bls.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 2004: Sameiningarkostir sveitarfélaga á Vestfirðum, 18 bls.

Fjórðungssamband Vestfirðinga 2004: Samgöngur á Vestfirðum, 9 bls.

Fornleifastofnun Íslands: Svæðisskráning Fornleifa.

Gallup 2003: Könnun yfir ferðavenjur á Vesturlandi.

Húsafríðunarnefnd ríkisins 2000: Skrá yfir friðuð hús, lög reglugerðir og samþykktir, 133 bls.

Lög um vernd Breiðafjarðar 54/1995.

Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa, 64 bls.

Samgönguráðuneytið 2001: Samgönguáætlun 2003-2014. Tillaga stýrihóps.

Samgönguráðuneytið 2002: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Samgönguráðuneytið 2003: Þingsályktun um samgönguáætlun 2003-2006.
Samgöngur á nýrri öld.

Siglingastofnun Íslands 2004: Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2004, 121 bls.

Skipulagsstofnun 2003: Leiðbeiningar um gerð Aðalskipulags

Skipulagsstofnun 2005: Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa.

Veiðimálastofnun 2005: Lax- og silungsveiðin 2004, 29 bls.

Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004

Vefsíður:

Byggðarannsóknarstofnun Íslands: www.brsi.is

Breiðafjarðarnefnd: www.breidafjordur.is

Flugmálastjórn Íslands: www.caa.is

Frjálsa alfræðiritið: <http://is.wikipedia.org>

Hagstofa Íslands: www.hagstofan.is

Húsafriðunarnefnd ríkisins: www.hfrn.is

Landsvirkjun: www.lv.is

Nordic Adventure Travel: www.nat.is

Orkustofnun: www.os.is

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi: www.ssv.is

Siglingastofnun Íslands: www.sigling.is

Skjólaskógar: www.skjolaskogar.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is

Veðurstofa Íslands: www.vedur.is


Vegagerð ríkisins: www.vegagerdin.is


Vestfjarðasvefurinn: www.vesturland.is


www.travelnet.is

5 ÞEMAUPPDRAETTIR









6 VIÐAUKAR

Umhverfisviðmið

Til að meta áhrif skipulagsins á umhverfispættina eru notuð umhverfisviðmið. Viðmiðin geta verið stefna varðandi viðkomandi umhverfispátt sem fram kemur í t.d. lögum og reglugerðum, alþjóðasamningum eða stefnumótun stjórnvalda. Einnig geta óskir og væntingar íbúa verið viðmið t.d. niðurstöður íbúabings. Í töflum 7 - 12 eru gefin dæmi af umhverfispáttum og hvaða viðmið voru notuð til að meta áhrifin á umhverfispáttinn. Listinn er ekki tæmandi.

Tafla 1. Náttúru- og menningarminjar, land

Umhverfispættir og undirpættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Menningarminjar	- Friðlýstar fornleifar - Aðrar fornleifar, sbr. fornleifaskráningu fyrir svæðið - Hverfisvernd - Önnur menningarverðmæti	Þjóðminjalög (ÞL)
	Að tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.	Skipulags- og byggingarlög.(SBL)
Náttúruminjar og land	- Friðlýst svæði - Sérstök vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd - Hverfisvernd - Aðrar náttúruminjar	Lög um náttúruvernd (Ln)
	Jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd s.s eldvörp, gervígígar og eldhraun.	Ln

Tafla 2. Landslag og ásýnd

Umhverfispættir og undirpættir	Umhverfisviðmið	Heimild
Náttúrulegt landslag Menningarlandslag	Megin landslagseinkenni svæðis, heildarsvipmót.	Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar (L Sk)
	Fjölbreytileiki landslags og andstæður í landslagi.	L Sk
	Sérstaða/fágæti og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.	L Sk
	Saga/sögulegt gildi.	L Sk

Tafla 9. Vistkerfi

Umhverfisþættir og undirþættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Líf í vatni Líf í sjó Líf á landi	- Vistgerðir og/eða búsvæði - Gróður og dýr	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstakt eða sögulegt.	Ln
		Tegundir sem verndaðar eru samkvæmt lögum, eru á válista, eru einkennis tegundir eða mikilvægar á svæðis- lands, eða heimsvísu. Önnur svæði mikilvæg fyrir dýr og/eða plöntur s.s. svæði þar sem fjölbreytni lífríkis er mikil eða svæði sem liggja nærri byggð.	L Sk.
		Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa.	Velferð til framtíðar. (Vft)
		Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum verði haldið í lágmarki.	Vft
		Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýrtruðu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum. Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnun sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnun í friðlýstum æðarvörpum. Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.	19 gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

		Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna og láta Umhverfisstofnun í té. Fara skal með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur um meðferð upplýsinga úr skránni. Heimilt er þó að veita landeiganda upplýsingar um arnarhreiður á landareign hans og öðrum sem er nauðsynlegt að fá slíkar upplýsingar, t.d. vegna mannvirkjagerðar í almannabágu	
--	--	--	--

Tafla 3. Vatn, sjór, andrúmsloft og veðurfar

Umhverfisþættir og undirþættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Yfirborðsvatn Grunnvatn Sjór/strandsvæði	- Vatnsgæði - Vatnsflæði/ vatnsbú-skapur	Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.	Ln
		Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskigengd eða útivistargildi.	Vtf
		Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn.	Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (Rvgmv)
Andrúmsloft og veðurfar, hnattrænt og staðbundið	- Veðurfar - Loftegæði - Gróðurhúsa-lofttegundir	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengdu lofti.	Reglugerð um loftgæði (RI)
		Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði haldið undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu. Loftmengun af völdum iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Vft

Tafla 4. Heilsa og öryggi

Umhverfispættir og undirpættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Heilsa og öryggi	• Heilsufar íbúa • Óþægindi, áreiti • Samfélagsöryggi	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhaldið verði þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengðu loft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarra starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er.	Vft
		Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem koma fram í reglugerð um hávaða.	Reglugerð um hávaða (Rh)
		Umferðaröryggi.	

Tafla 5. Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfispættir og undirpættir		Umhverfisviðmið	Heimild
Efnahagur og atvinnulíf	• Staðbundið • Þjóðhagsleg	Efnahagslegur kostnaður vegna umferðaslysa og afleiðinga þeirra.	
Félagslegt umhverfi	• Útivist og tómstundir • Samgöngur	Að þróun byggðar og landnotkunar verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna að leiðarljósi.	Sbl
		Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.	Vft

Útlistun hugtaka

Greinargerð aðalskipulags er ekki síður ætluð almenningi en þeim sem fást við skipulagsmál, hún þarf því að vera aðgengileg og auðskilin. Í ljósi þess er ástæða til að setja fram stuttar skilgreiningar á nokkrum hugtökum tengdum skipulagsmálum.

Aðalskipulagsáætlun: Áætlun sem sett er fram í *Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018* þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun sveitarstjórnar Reykhólahrepps í skipulagsmálum.

Byggingarleyfi: Samþykki sveitarstjórnar til að byggja, breyta og rífa hús eða önnur mannvirki. Ýmis mannvirkjagerð er þó undanþegin byggingarleyfi sé ekki um varanlegar húsbyggingar að ræða, t.d. mannvirkjagerð í tengslum við samgöngur, veitur og virkjanir. Flestar framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi eru háðar framkvæmdaleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu *framkvæmdaleyfi* að neðan).

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Deiliskipulag á að taka mið af aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.

Einkavegir: Vegir sem ekki teljast til þjóðvega. Veghald einkavega getur t.d. verið í höndum einstaklinga, félagasamtaka eða sveitarfélags.

Fornleifar: Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja fornra mannvirkja og annarra minja sem gerðar hafa verið af manna völdum. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa og eru því friðaðar.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til einstakra framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæði skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu *byggingarleyfi* að ofan). Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Helgunarsvæði: Svæði meðfram þjóðvegum og veitum (vatns-, hita-, raf- og fjarskiptaveitum) þar sem ekki má staðsetja mannvirki nema með sérstöku leyfi.

Hverfisvernd: Vernd sem getur hvort tveggja tekið til mannvirkja og náttúru sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hverfisvernd telst ekki vera lögformleg friðun.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, s.s. undir íbúðarbyggð, frístundbyggð, atvinnustarfsemi, samgöngur, veitulagnir, útivist og náttúruvernd.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit. Dæmi um landnotkunarflokka eru svæði fyrir íbúðir, þjónustu, iðnað, landbúnað og frístundabyggð.

Landnotkunarreit: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landsvegir: Vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta, vegir innan þjóðgarða, og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Mat á umhverfisáhrifum: Ferli þar sem metin eru þau áhrif sem tiltekin framkvæmd munu hafa á umhverfi. Umhverfisáhrifin skulu metin áður en framkvæmd hefst. Matsskyld framkvæmd: Framkvæmd sem er þess eðlis að framkvæmdaraðila ber skylda til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum áður en sótt er um framkvæmdaleyfi.

Umhverfismat áætlana: Verklag eða aðferð við áætlanagerð sem er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun. Í umhverfismati áætlana er lagt mat á umhverfisáhrif þeirra stefnu sem viðkomandi áætlun felur í sér. Matið er sett fram í umhverfisskýrslu, sem verður hluti af eða fylgiskjal viðkomandi áætlunar. Að matinu skal vinna í samráði við hagsmunaaðila og umhverfisskýrsla skal lögð fram til opinberrar kynningar. Umhverfismatið er á ábyrgð þess sem ber ábyrgð á viðkomandi áætlun og skal unnin samhliða.

Matsskýrsla: Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu. Meiri háttar framkvæmdir sem

vegna eðlis eða umfangs hafa veruleg áhrif á umhverfið. Það á til að mynda við um framkvæmdir sem þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum.

Mengun: Efni, efnasambönd, örverur og eðlisfræðilegir þættir sem valda skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun getur einnig tekið til hávaða, ólyktar, geislunar, varmaflæðis og titrings.

Mótvægisáðgerðir: Áðgerðir sem beitt er til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Náttúruverndarsvæði: Um þrenns konar verndarsvæði getur verið að ræða; friðlýst svæði, ýmist sem þjóðgarður, friðland, fólkvangur, eða náttúruvætti; svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá; önnur afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar.

Safnvegir: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegir að opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með færri en 200 íbúa.

Sjálfbær þróun: Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Miða skal við að landi sé eigi skilað í verra ástandi til næstu kynslóða en það er nú.

Skipulagsáætlun: Áætlun þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun og markmiðum sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á upprætti.

Skipulagsgreinargerð: Í greinargerð er lýst þeim forsendum sem liggja til grundvallar skipulagi. Gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og sett fram stefnumörkun um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsreglugerð: Reglugerð nr. 400 frá árinu 1998 um gerð skipulagsáætlana. Í skipulagsreglugerð er m.a. fjallað um framsetningu skipulagsáætlana, landnotkunarflokka og skilgreiningar þeirra, skipulagsskilmála og takmarkanir á landnotkun.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í skipulagsáætlun um það hvernig útfæra eigi einstök skipulagsmarkmið.

Skipulagstímabil: Tímabil sem stefnumörkun skipulagsáætlunar nær yfir. Aðalskipulagsáætlun Reykhólahrepps tekur til 12 ára, frá 2006-2018.

Skipulagsuppráttur: Uppráttur (kort) sem sýnir fyrirhugaða landnotkun sem er í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Stofnvegir: Vegir sem ná til svæða þar sem íbúar eru yfir 1000 og tengja slík svæði saman. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin

ekki lengri en 20 km. Stofnvegir tengja jafnframt þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en 5 km.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Megin tilgangur svæðisskipulags er að ná fram samræmdri stefnu um sameiginleg hagsmunamál á viðkomandi svæði.

Tengivegir: Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, samfélag, heilbrigði, menningu, atvinnu og efnisleg verðmæti; dýr, plöntur og annað í lífríkinu; jarðveg, sjó, vatn, loft og veðurfar, jarðmyndanir og landslag.

Umhverfisáhrif: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið. Talað er um bein og óbein áhrif, jákvæð og neikvæð áhrif, sammögnuð áhrif, varanleg og tímabundin áhrif, afturkræf og óafturkræf áhrif.

Varnarsvæði: Svæði þar sem skipulags- og byggingarmál heyra undir utanríkisráðherra sbr. ákvæði 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Þéttbýli: Húsaþyrping þar sem íbúar eru ekki færri en 50 manns og fjarlægð milli íbúðarhúsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar.

Þéttleiki byggðar: Landnýtingu er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Reikningsstærðir eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha eru gjarnan notaðar.

Þjóðvegir: Vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar. Þeir skulu mynda samfelld vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegir greinast í stofnvegi, tengivegi, safnvegi, og landsvegi.